


skoðun 18

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk




Hálfíslenskur John Grant

*Nafni söngvarans Johns Grant syngur í sturtu en hefur ekki enn tekið lagið á sviði.*

fólk 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
19. júlí 2012
168. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Fær ferðalanga til að horfa út

*Guðrún Gyða Franklín bjó til bílabingó í fæðingarorlofinu.*

tímamót 26

## Handaband ráðherra

*Að auglýsa ekki stöðu ráðuneytisstjóra væru mistök að mati Kristrúnar Heimisdóttur.*

skoðun 19



## Þór/KA lagði Stjörnuna

*Norðanstúlkur nýttu færin í 2-1 sigri í Garðabæ og hafa fimm stiga forskot á toppi Pepsi-deildar kvenna.*

sport 36

## veðrið í dag




**DÁLÍTIL VÆTA** Í dag verður hæg austlæg eða breytileg átt. Víða dálítil væta en úrkomulítið NA-til. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4

# Fá ekki fólk til að semja frumvarp um staðgöngu

**Hálft ár er síðan samþykkt var að láta gera frumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun, en hópur sem á að semja það hefur ekki verið skipaður enn. Velferðarráðherra segir að það muni gerast á næstu vikum.**

**STJÓRNSÝSLA** Starfshópur sem á að undirbúa frumvarp um að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni hefur ekki enn verið skipaður þrátt fyrir að þingsályktunartillaga um málið hafi verið samþykkt í janúar. Tillagan fól velferðarráðherra að skipa starfshóp um málið og leggja fram frumvarp „svo fljótt sem verða má“.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur reynst erfitt að fá fólk til þess að taka sæti í starfshópnum, en unnið hefur verið að skipun hans í talsverðan tíma. Reynt hefur verið að finna óháða sérfræðinga í hópinn. Gert er ráð fyrir því að hann eigi nokkuð erfitt verk fyrir höndum við að skrifa frumvarp, enda málið bæði umdeilt og viðkvæmt.

> Þetta fer að verða meðgöngutími …
>
> **RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**
> ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segist vona að skipun hópsins geti lokið á næstu dögum eða vikum. Búið er að skipa formann hópsins. Hann segir málið í raun fela í sér tvö ólík verkefni, annars vegar að fara í gegnum álitamál tengd staðgöngumæðrun og hins vegar að semja frumvarpið. „Það er það sem hefur tafið okkur, að finna út hvernig á að gera þetta svo þetta verði ekki hópur sem er að togast á um hlutina heldur leitar bestu lausna.“

Gert er ráð fyrir því í velferðarráðuneytinu að frumvarp um málið verði lagt fram á næsta þingi. Guðbjartur segir að stefnt sé að því en það muni þó verða að ráðast af vinnunni í hópnum.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar. Hún segist orðin mjög óþreyjufull eftir því að lokið verði við skipun hópsins. „Þetta fer að verða meðgöngutími, þetta var fyrsta málið sem var klárað á þingi eftir áramót. Þessari nefnd var falið að skrifa frumvarp og það átti að gefa henni nægan tíma, en mér finnst vera búið að sóa tímanum í hálft ár,“ segir hún. „Það mun taka tíma að gera þetta vel og því finnst mér mikilvægt að menn fari að koma sér að verki.“ **- þeb**



**Á MAKRÍLVEIÐUM VIÐ SÓLFARIÐ** Óvenju mikið af makríl hefur verið við strendur landsins og hafa veiðimenn veitt þennan hraðsynda uppsjávarfisk á stöng. **Sjá síðu 16.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vísindamenn áhyggjufullir:

## Jöklar norðurslóða hopa hratt

**NÁTTÚRA** Vísindamenn hafa áhyggjur af því hversu hratt jöklar í heiminum bráðna. Nýverið brotnaði stór íshella frá skriðjökli á norðanverðu Grænlandi. Íshellan er á stærð við eitt og hálft Þingvallavatn. Það er í annað sinn síðan 2010 sem stór íshella brotnar frá Petermannjöklinum sem hopar hratt eins og Grænlandsjökull allur.

Oddur Sigurðsson, sérfræðingur á sviði jöklarannsókna hjá Veðurstofunni, segir íslenska jökla hafa minnkað ofsalega á undanförnum fimmtán árum og í raun örar en nokkru sinni síðan farið var að fylgjast með jöklum að einhverju leyti. „Þeir hafa hopað álíka mikið undanfarna öld og þeir gengu fram þrjár aldir þar á undan,“ segir hann.

Síðan árið 2000 hefur ísbreiðan á Grænlandi minnkað um 1.500 milljarða tonna. Það samsvarar um það bil fimm millimetra hækkun á yfirborði sjávar á hnettinum. **- bþh / sjá síðu 10**

Sýrlenskir ráðherrar meðal þeirra sem létu lífið í sjálfsvígsárás í Damaskus:

## Rússar ásaka Vesturlönd

**SÝRLAND, AP** Rússnesk stjórnvöld ásökuðu í gær Vesturlönd fyrir að kynda undir uppreisn og átökum í Sýrlandi, sama dag og sjálfsvígsárás í höfuðborginni Damaskus kostaði nokkra nánustu samstarfsmenn Bashar al Assads forseta lífið.

„Í staðinn fyrir að róa niður uppreisnarmennina, þá eru sumir samherja okkar að hvetja þá áfram,“ sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, og vísaði til leiðtoga á Vesturlöndum sem nú þrýsta á Rússa og Kínverja að samþykkja refsiaðgerðir gegn Sýrlandi í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Meðal þeirra sem féllu í árásinni voru varnarmálaráðherrann Daúd Radsjeha og aðstoðarráðherra hans, Assef Shavkat, en sá er mágur Assads forseta. Einnig féll Hassan Turkmani, fyrrverandi varnarmálaráðherra. Meðal særðra er Mohammed Shaar innanríkisráðherra. Sýrlenskir uppreisnarmenn hafa lýst yfir ábyrgð sinni á árásinni.

Rússar hafa verið andvígir því að beita Sýrlandsstjórn þrýstingi vegna átakanna, sem kostað hafa á annan tug þúsunda lífið frá því mótmæli og síðar vopnuð uppreisn hófst gegn Assad forseta á síðasta ári. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kom saman í gær til að reyna að ná samkomulagi um frekari þrýsting á Assad. **- gb**










## SPURNING DAGSINS



*Elín, verða engir risar á Baunagrasinu?*

„Jújú, og Jói mætir.“

Elín J. Ólafsdóttir er einn skipuleggjenda þjóðlagahátíðarinnar Baunagrassins á Bíldudal.

**Háhraðaáskriftir í OECD**

| Land | Alls | Á 100 íb. |
|---|---|---|
| 1. Sviss | 3.125.000 | 39,9 |
| 2. Holland | 6.498.000 | 39,1 |
| 3. Danmörk | 2.100.521 | 37,9 |
| 4. Frakkland | 22.615.000 | 35,9 |
| 5. Noregur | 1.745.607 | 35,7 |
| 6. Kórea | 17.859.003 | 35,4 |
| **7. Ísland** | **110.010** | **34,6** |
| 8. Bretland | 20.419.899 | 33,3 |
| 9. Þýskaland | 27.185.816 | 33,3 |
| 10. Lúxemborg | 163.617 | 32,6 |
| - - - | | |
| 32. Síle | 2.002.573 | 11,7 |
| 33. Mexíkó | 11.723.336 | 10,8 |
| 34. Tyrkland | 7.576.798 | 10,4 |

*Heimild: oecd.org/sti/ict/broadband*

OECD telur háhraðatengingar:

# Sviss trónir á toppi listans

**UPPLÝSINGATÆKNI** Ísland er í sjöunda sæti á lista landa Efnahags og framfarastofnunarinnar (OECD) yfir fjölda áskrifta að háhraðanettengingu hjá hverjum hundrað íbúum. Hér eru tengingarnar 34,6 á hverja hundrað íbúa.

Sviss er hins vegar í fyrsta sinn á toppi listans með 39,9 áskriftir á hverja hundrað í búa. Í öðru sæti er svo Holland með 39,1 og svo Danmörk í þriðja með 37,9 áskriftir.

Af OECD löndunum 34 eru fæstar áskriftir í Tyrklandi og Mexíkó, 10,4 og 10,8. Meðaltalið í OECD er 25,6. - óká

## TÆKNI

### Fækkar á Facebook

Notendum samskiptasíðunnar Facebook hefur fækkað í Bandaríkjunum og Evrópu á síðustu mánuðum. Þetta kemur fram í rannsóknarniðurstöðum greiningarfyrirtækisins Capstone Investments.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Varð undir dráttarvél

Karlmaður á níræðisaldri rifbeinsbrotnaði þegar hann varð undir afturhjóli dráttarvélar í Brynjudal í Hvalfirði í gærkvöld. Slysið varð þegar verið var að reyna að koma vélinni í gang með því að láta hana renna af stað.

Þrír fatlaðir kjósendur kæra nýafstaðnar forsetakosningar til Hæstaréttar:

# Þungvæg rök fyrir ógildingu

**KOSNINGAR** Þrír fatlaðir kjósendur lögðu í gær fram formlega kæru til Hæstaréttar og kröfðust þess að nýafstaðnar forsetakosningar yrðu ógiltar.

„Kjósandi, sem ekki gat kosið eigin hendi, átti aðeins tveggja kosta völ. Annaðhvort beygja sig undir þá framkvæmd, að aðstoðarmaður hans kæmi úr röðum kjörstjórnarmanna, eða víkja af kjörstað án þess að taka þátt í kjöri forseta,“ segir í kæru þeirra Guðmundar Magnússonar, formanns Öryrkjabandalags Íslands, Ásdísar Jennu Ástráðsdóttur og Rúnars Björns Herrera Þorkelssonar.



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Þetta fyrirkomulag hafi leitt til þess að kosningin hafi ekki verið leynileg, enda miði meginreglan um að kosningar séu leynilegar ekki síst að því að vernda kjósendur fyrir afskiptum hins opinbera. Kjósendur hafi ekki ástæðu til að bera trúnað til kjörstjórnarfulltrúa, sem séu einmitt fulltrúar hins opinbera á staðnum.

Í kærunni eru kosningarnar bornar saman við kosningarnar til stjórnlagaþings, sem voru ógiltar. „Í hinum fyrri kann að vera að áliti Hæstaréttar að leynd kosninga hafi verið rofin, en í þeim síðari var hún sannanlega og án nokkurs vafa rofin. Hinar fyrri voru dæmdar ógildar og hinar síðari eru óhjákvæmilega ógildar með verulega þungvægari rökum,“ segir í kærunni. - sh

Norskur prófessor:

# Víkingar komu frá N-Noregi

**NOREGUR** Margir víkinganna sem komu frá Noregi til Íslands, mögulega þriðjungur þeirra, komu frá norðurhluta Noregs en ekki vesturhlutanum eins og áður var talið.

Þetta er haft eftir prófessornum Alf-Ragnar Nielssen á fréttavefnum Tvedestrandsposten.no. Prófessorinn er höfundur bókarinnar Landnåm fra Nord en í henni er fjallað um ferðir Norðmanna frá Hálogalandi og Namdal. Hefur prófessorinn fundið nákvæmlega út hvaðan í Noregi 37 landnámsmenn komu. - ibs

# Forystukonu illa við vínsölu á Hrafnistu

**Formanni Landssambands eldri borgara er illa við áformaða áfengissölu á Hrafnistu. Formaður Samtaka aldraðra segir að ekki megi hefta eldri borgara. Málið sé þó viðkvæmt því sumum öldruðum sé hætt við misnotkun á áfengi.**

**FÓLK** „Mér finnst þetta ekki vera hlutur sem verður til þess að eldri borgurum líði vel,“ segir Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, um fyrirhugaða áfengissölu á Hrafnistu í Reykjavík.



JÓNA VALGERÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR



ERLING GARÐAR JÓNASSON

Eins og Fréttablaðið skýrði frá í gær er verið að breyta borðsal heimilisfólks á Hrafnistu í kaffihús þar sem hægt verður að kaupa bjór og vín. „Ég er nú bindindismanneskja í eðli mínu og finnst þetta dálítið furðulegt og skil þetta ekki almennilega,“ segir Jóna sem kveðst ekki hafa heyrt af málinu fyrr.

„Hins vegar hef ég heyrt frá Vogi að það hafi aukist að það séu eldri borgarar sem þurfi þar að leita sér aðstoðar,“ segir Jóna. Til stendur að opna sérstaka deild fyrir aldraða þar.

Erling Garðar Jónasson, formaður Samtaka aldraðra, segir málið viðkvæmt. „Á öllum aldursskeiðum þurfum við að hafa visst frjálsræði og aðgengi að samfélaginu. Það er grundvallaratriði en aðgangur að áfengi í óheftum mæli getur fyrir suma verið mjög óheppilegt. Þess vegna þarf að fara varlega,“ segir Erling og undirstrikar að mannréttindi þessa hóps séu í húfi.



**NÝI MATSALURINN** Glæsilegur borðsalur í eins konar bókakaffistíl verður opnaður á Hrafnistu í haust. Þar verður selt áfengi til klukkan átta á kvöldin. MYND/HRAFNISTA

> Ég er nú bindindismanneskja í eðli mínu og finnst þetta dálítið furðulegt.
>
> JÓNA VALGERÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR FORMAÐUR LANDSSAMBANDS ELDRI BORGARA

„Við skulum heldur ekki gleyma því að fólk fer bara og nær í áfengi ef það vill það. Ef það kemst ekki sjálft þá sendir það leigubíl eftir því. Þá verður neyslan meiri og erfiðari og meiri leyndarhjúpur yfir henni,“ segir Erling.

Jóna segist telja ýmislegt mikilvægara fyrir eldri borgara að gera en að hefja vínsölu á hjúkrunarheimilum. „Kaffihús væri allt í lagi að setja upp. Fólki finnst oft gaman að setjast niður saman og fá sér kaffi en það slær mig frekar illa að það sé vínveitingaleyfi þar,“ segir Jóna.

Erling minnir á að einangrun gamals fólks sé oft mikil. „Þá leita sumir á náðir lyfja eins og áfengis til að eyða tímanum eða lina þjáningar,“ segir hann og vill gefa hugmyndinni á Hrafnistu tækifæri. „Við skulum leyfa þeim að prófa. Þeir eru með hjúkrunarlið á heimsmælikvarða þannig að það er gætt að hverjum einasta sjúklingi mörgum sinnum á dag.“

gar@frettabladid.is

Sváfu úr sér í fangaklefa:

# Vímaðir rúðubrjótar réðust á lögreglumenn

**LÖGREGLUMÁL Tvennt var handtekið í Kópavogi í fyrrinótt eftir að hafa unnið skemmdarverk á íbúðarhúsi og veist að lögreglumönnum.**

**Lögreglu barst tilkynning frá íbúum um að fólkið, sem er á þrítugsaldri, væri búið að brjóta rúðu í útidyrahurð hússins og léti ófriðlega. Ekki liggur fyrir hvort það hugðist brjótast þar inn.**

**Þegar lögregla kom á vettvang brást fólkið hið versta við og sparkaði og sló til lögreglumannanna, sem sakaði þó ekki – að minnsta kosti ekki alvarlega. Fólkið var flutt í fangaklefa, undir talsverðum áhrifum vímugjafa, og til stóð að taka af því skýrslu síðdegis í gær.** - sh

Erlendur maður handtekinn:

# Kom afritunarbúnaði fyrir í hraðbönkum

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur karlmaður hefur verið handtekinn grunaður um að hafa komið afritunarbúnaði fyrir í kortalesara hraðbanka í miðborg Reykjavíkur. Málið kom upp þegar kort viðskiptavinar festist í raufinni með þeim afleiðingum að afritunarbúnaðurinn losnaði.

Ekki er talið að maðurinn hafi náð að koma kortaupplýsingum í umferð en hann var handtekinn á fimmtudaginn fyrir viku á Akureyri.

Búnaðurinn samanstendur af kortalesara í kortaraufinni og örsmárri myndavél sem beint er að lyklaborðinu þar sem PIN-númer eru slegin inn.

Síðast kom slíkt mál inn á borð lögreglu í mars á þessu ári þegar tveir rúmenskir kortaþrjótar voru handteknir. - bþh






Fleiri brjóta af sér í umferðinni í ár en í fyrra en þjófnaðarbrotum fækkar:

# Fíkniefnabrotum fjölgar um þriðjung

**LÖGREGLUMÁL** Þriðjungi fleiri fíkniefnabrot komu til kasta lögreglunnar á fyrri helmingi þessa árs en á sama tímabili í fyrra, samkvæmt afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra.

Alls komu 996 fíkniefnamál upp frá ársbyrjun og út júní, samanborið við 768 mál í fyrra. Árið 2010 voru þau 713. Langstærstur hluti fíkniefnabrota, 72 prósent, er vegna vörslu eða meðferðar þeirra, 9,7 prósent vegna framleiðslu, tvö prósent vegna dreifingar fíkniefna og 5,5 prósent vegna innflutnings. Afgangurinn, um tíu prósent, flokkast sem önnur fíkniefnamál, til dæmis þegar fíkniefni finnast á víðavangi.

Líkamsárásum hefur sömuleiðis fjölgað milli ára, úr 480 í 528, og eignaspjöllum úr 938 í 1.109.

Auðgunarbrotum hefur aftur á móti fækkað. Þannig komu 775 innbrot á borð lögreglu á fyrri helmingi þessa árs, samanborið við 885 í fyrra. Það er fækkun um tólf prósent. Þjófnaðarbrotum hefur sömuleiðis fækkað verulega, úr 2.435 í 1.859, sem er tæplega 23 prósenta samdráttur.

Umferðarlagabrot hafa hins vegar færst í vöxt. Hraðakstursbrotum fjölgaði úr 14.061 í 16.454, eða um sautján prósent, og ölvunarakstursbrotum úr 577 í 658, um fjórtán prósent. - sh



**KANNABISFRAMLEIÐSLA** Einungis lítill hluti fíkniefnamála sem upp koma snýr að framleiðslu eða sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# 30% TIL

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# 80%

# AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM

## GARÐHÚSGÖGNUM

## OG SESSUM

## GENGIÐ 18.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,55 | 127,15 |
| Sterlingspund | 197,82 | 198,78 |
| Evra | 155,47 | 156,33 |
| Dönsk króna | 20,888 | 21,01 |
| Norsk króna | 20,801 | 20,923 |
| Sænsk króna | 18,052 | 18,158 |
| Japanskt jen | 1,6006 | 1,61 |
| SDR | | 202,1 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra segir rekstur ríkissjóðs á réttri leið þótt einsskiptisaðgerðir hafi reynst kostnaðarsamar í fyrra:

# Fjárlagahalli ríkissjóðs var 89 milljarðar 2011

**EFNAHAGSMÁL** Fjárlagahalli íslenska ríkisins var 89 milljarðar króna árið 2011 sem jafngildir 5,5% af landsframleiðslu. Áætlanir höfðu gert ráð fyrir 46 milljarða króna halla en óreglulegir kostnaðarliðir reyndust ríkinu dýrir.

Til samanburðar var halli ríkissjóðs 123 milljarðar, eða 8% af landsframleiðslu, á árinu 2010. Þetta kemur fram í ríkisreikningi sem var birtur í gær.

„Það eru jákvæðar fréttir í ríkisreikningnum sem sýna að við erum á réttri leið í þeirri viðleitni okkar að láta tekjur og gjöld passa saman. Þar er mest um vert að raungjöld ríkissjóðs lækka um 8% á milli ára,“ segir Oddný G. Harðardóttir, fjármálaráðherra, og bætir við: „Auðvitað eru einsskiptisaðgerðir á borð við 20 milljarða framlag vegna SpKef að reynast okkur dýrar en þetta er kostnaður sem ekki varð komist hjá. Þá eru þetta kostnaðarliðir sem féllu til á árinu 2011 og koma aldrei aftur.“



ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR

Oddný segist vonast til þess að síðustu stóru reikningarnir sem fallið hafi á ríkissjóð vegna bankahrunsins hafi nú þegar komið fram. Þá segir hún áætlanir gera ráð fyrir að afgangur verði af rekstri ríkissjóðs árið 2014. Hins vegar verði frumjöfnuður jákvæður á þessu ári. Frumjöfnuður tekur ekki tillit til fjármagnsliða og má því segja að hann sé mælikvarði á hinn eiginlega rekstur ríkisins. Frumjöfnuður var neikvæður um 43,2 milljarða í ár.

Tekjur ríkissjóðs í fyrra urðu alls 486,5 milljarðar og jukust um 7,8 milljarða milli ára. Reyndust tekjur 5,7 milljörðum hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Gjöld ríkissjóðs voru aftur á móti 575,9 milljarðar og lækkuðu um 26 milljarða milli ára. Gjöldin voru hins vegar 32,2 milljörðum umfram fjárheimildir sem skýrist að stærstum hluta af framlagi ríkisins vegna yfirtöku Landsbankans á SpKef og niðurfærslu á eignarhlutum í Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóði vegna rekstrartaps stofnananna síðustu ár. **- mþl**



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Mennirnir tveir dulbjuggu sig og fóru yfir girðingu til að komst upp í flugvél á leið til Kaupmannahafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Laumufarþegar í Keflavík:

## Rannsóknin langt komin

**LÖGREGLA** Rannsókn lögreglu á máli ungu mannanna, sem fóru í leyfisleysi inn á öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli og þaðan upp í flugvél, er langt komin og henni ætti að ljúka á næstunni.

„Þetta er enn til meðferðar hjá okkur en við leggjum áherslu á að hraða rannsókn málsins,“ segir Jóhannes Jensson hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Suðurnesjum í samtali við Fréttablaðið.

Mennirnir tveir fundust við öryggiseftirlit áhafnarmeðlima fyrir flug til Kaupmannahafnar. Þeir voru ekki úrskurðaðir í gæsluvarðhald og var sleppt eftir yfirheyrslur. **- þj**

Leit við Vatnajökul:

## Þýsku hjónin fundust í gær

**BJÖRGUN** **Þýsk hjón fundust í gær eftir að björgunarsveitarmenn höfðu verið ræstir út til að leita að þeim.**

**Hjónin höfðu ekki skilað sér í Snæfellsskála á þriðjudagskvöldið eins og ferðaáætlun þeirra gerði ráð fyrir. Um fimmtíu björgunarsveitarmenn leituðu hjónanna, en þau fundust á gönguleið milli Engjasels og Múlaskála. Hjónin voru við góða heilsu og héldu ferðalagi sínu áfram.** **- ktg**

# Tófan haslar sér völl nærri byggðu bóli

**Tófan hefur fært sig nær byggð og ef fram heldur sem horfir verður hún farin að leita ætis innanbæjar innan skamms. Greni hafi fundist skammt frá bæjum. Í Skagafirði er óvenju mikið af henni í ár. Búið að skjóta yfir hundrað tófur.**

**DÝRALÍF** Bændum og refaskyttum ber saman um að tófan sé farin að færa sig nær byggð. Í vor fannst greni innan við kílómetra frá Stað í Hrútafirði. Birgir Hauksson, refaskytta í Skagafirði, segir að ef fram haldi sem horfir verði ekki langt í það að tófan verði farin að leita í ruslið í bæjum landsins. Árni Jón Eyþórsson, bóndi á Bálkastöðum við Hrútafjörð, segir að greni hafi fundist í stuttu göngufæri frá bænum.

Hún virðist einnig verða sífellt ófælnari við sauði og menn. „Þegar ég var í sauðburðinum þá kom hérna ein og stoppaði bara innan um lambféð svona um sextíu metra frá bænum,“ segir Árni Jón. „Þær eru farnar að færa sig nær byggð,“ bætir hann við. „Við erum með prýðisskyttu, hann Ara Arason frá Hvammstanga, og hann hefur fundið tvö greni í tíu til fimmtán mínútna göngufæri frá bænum.“ Hann segir að hún sé minna á ferðinni eftir að hún fór að gjóta en í vor og snemmsumars hafi hann venjulega séð eina til tvær tófur á dag.

Í Skagafirði er allt krökkt af tófu á ný eftir tveggja ára ládeyðu og er Birgir búinn að skjóta yfir hundrað tófur það sem af er ári. „Það er alveg merkilegt hvað það er mikið af þessu miðað við hvað við hömrum á þeim,“ segir hann. Svipaða sögu segir Ari Arason úr Hrútafirði og Miðfirði. Þar skaut hann 115 tófur í fyrra og í ár hefur hann skotið tæplega hundrað. „Það sér ekki högg á vatni sama hvað skotið er, þetta er eins og þegar Herkúles átti við Lernuorminn, fyrir hvert höfuð sem höggvið er af vaxa tvö ný,“ segir hann í gamansömum tóni.



**BIRGIR HAUKSSON MEÐ TVÆR Í TAKINU** Það er nóg að gera hjá refaskyttunni sem hefur skotið vel á annað hundrað tófa það sem af er ári. MYND/KÁRI GUNNARSSON

> Hér áður fyrr logaði sveitasíminn ef tófa sást úti í vegarkanti, nú sést þetta á vappi hvar sem er og enginn kippir sér upp við það lengur.
>
> **SNORRI JÓHANNESSON** REFASKYTTA

Í Borgarfirði stendur Snorri Jóhannesson í ströngu. „Menn hringja í mig þegar þetta er komið innan um féð, ég er búinn að skjóta tuttugu tófur í slíkum útköllum í ár,“ segir hann. Hann og Birgir eru sammála um að lágfóta sé farin að færa sig nær byggð og sé ófælnari. „Hér áður fyrr logaði sveitasíminn ef tófa sást úti í vegarkanti, nú sést þetta á vappi hvar sem er og enginn kippir sér upp við það lengur,“ segir Snorri. Birgir segir að refurinn hafi mikla aðlögunarhæfni og venjist því auðveldlega nýju áreiti á nýjum slóðum. „Það er mín skoðun,“ segir hann, „að þetta verði bara eins og við könnumst við það frá útlöndum þar sem skolli skellir sér í bæinn og sækir sér eitthvað til dæmis í ruslaföturnar.“ **jse@frettabladid.is**

Náttúrustofa Vestfjarða:

## Hafa ekki skilað ársreikningum í fjögur ár

**STJÓRNSÝSLA** **Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðustu fjögur ár. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar óskaði eftir því á fundi sínum í byrjun júlí að reikningunum yrði skilað fyrir næsta fund ráðsins síðastliðinn mánudag. Drögum að ársreikningum fyrir árin 2008, 2009 og 2010 var skilað með fyrirvara og ársreikningi fyrir árið 2007 var skilað tilbúnum.**

**Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður náttúrustofunnar, segir ágreining um smáatriði hefta útgáfu ársreikninganna. Í samtali við blaðið vildi hann ekki greina nánar frá smáatriðinu án þess að ráðfæra sig við stjórn stofnunar. Hann segir að um leið og starfsmenn komi úr sumarleyfi verði hafist handa við að ganga frá ársreikningunum.** **- bþh**

Stúlka varð undir dráttarvél:

## Útskrifuð af gjörgæsludeild

**SLYS** Tólf ára gömul stúlka sem slasaðist alvarlega þegar hún varð undir dráttarvél sem var með sláttuvél í eftirdragi á sveitabæ skammt frá Sauðárkróki í byrjun mánaðarins, hefur verið útskrifuð af gjörgæsludeild.

Samkvæmt upplýsingum frá vakthafandi lækni á gjörgæslu liggur stúlkan núna á almennri deild og er líðan hennar eftir atvikum. Þyrla Landhelgisgæslunnar flaug með stúlkuna til Reykjavíkur þar sem hún undirgekkst aðgerð en hún var með áverka á fótum og höndum. Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni á Sauðárkróki er slysið í rannsókn.


**FRÓÐASTI FERÐAFÉLAGINN**

**Ný og endurbætt útgáfa**




Í Vegahandbókina er komin ný, ýtarleg **24 síðna kortabók, á bls. 574-599.** Hér færð þú skýra yfirsýn yfir landsvæði Íslands - í mælikvarðanum **1:500 000.** Auðvelt er að fletta á milli bókarinnar og kortabókarinnar til að fá yfirsýn yfir það svæði sem ferðast er um. Tilvísanir leiða þig á rétta blaðsíðu. Ef þú ert t.d. að aka til **Búðardals og ert á bls. 281 í bókinni** og vilt fá meiri yfirsýn yfir svæðið er tilvísun á síðunni sem **vísar þér á kort nr. 3 á bls. 578 í kortabókinni.**

**FULLT VERÐ 4.990 KR.**

1000 kr. afsláttur ef þú kemur með gömlu bókina
(einungis hægt að skipta í bókabúðum, ekki bensínstöðvum)

**vegahandbokin.is**

**Vegahandbókin • Sundaborg 9 • Sími 562 2600**


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KÆRKOMIN VÆTA**
Veður verður svipað á morgun og í dag, hæglætis veður og víða dálitlar skúrir. Á laugardag nálgast landið lægð úr suðvestri með vaxandi suðaustanátt og talsverðri rigningu um sunnan og vestanvert landið síðdegis.







**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt.




**LAUGARDAGUR**
Vaxandi SA-átt með rigningu síðdegis.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 19° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 21° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# ferð.is

## Ný ferðaskrifstofa á netinu

# Bodrum í Tyrklandi

10 – 11 nátta ferðir í beinu flugi.

Þetta er dúndur

**TILBOÐ!**

24. júlí á fljúgandi góðu verði.



### Torba

**Flug og gisting**

**La Luna**

**Allt innifalið!** 24. júlí – 3. ágúst

**Verð frá 98.900 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í fjölskylduherbergi.
Innifalið: Flug, skattar og gisting með öllu.
Verð m.v. 2 í tvíbýli frá 132.200 kr.

### Gümbet

**Flug og gisting**

**Ersan Resort**

**Allt innifalið!** 24. júlí – 3. ágúst

**Verð frá 152.900 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli.
Innifalið: Flug, skattar og gisting með öllu.
Verð m.v. 2 í tvíbýli frá 198.600 kr.

### Bodrum

**Flugsæti**

24. júlí – 3. ágúst

**Verð frá 45.900 kr.**

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

**Önnur gisting í boði:**

**Ersan Resort & SPA **** • Parkim Ayaz *** • Paloma Yasmin **** • Voyage Torba *******

Fljúgðu fyrir minna

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

**ferð.is**
**sími 570 4455**

ferð.is

ÍSLENSKA SIA.IS FER 60185 01/12

KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að fylgjast með Ólympíuleikunum í London í næsta mánuði?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 53,5% |
| NEI | 46,5% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á að leyfa vínveitingar á dvalarheimilum aldraðra?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

vísir

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kallar eftir sameiginlegu tryggingakerfi innstæðna banka í evrulöndunum:

# Samþætta þarf ríki evrunnar enn frekar

**EFNAHAGSMÁL** Forgangsmál er að rjúfa vítahring neikvæðrar þróunar banka, ríkja og vaxtarhorfa í löndum evrunnar. Þetta kemur fram í nýju áliti sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) birti í gær. Sjóðurinn kallar eftir enn nánara samstarfi og samþættingu á sviði efnahagsstjórnar í evrulöndunum 17, eigi þau að komast skaðlaust út úr núverandi efnahagsþrengingum.

Álit sjóðsins er hluti af reglubundinni skoðun á horfum og stefnu evrulandanna. Mahmood Pradhan, varaframkvæmdastjóri Evrópudeildar AGS, sagði á kynningarfundi í gær að evrusvæðið virkaði ekki sem skyldi. Hann benti á að á meðan löndum á borð við Þýskaland bjóðist langtímalánakjör sem séu rétt yfir einu prósenti, þar sem fjárfestar leiti öruggs vars fyrir peninga sína, þá eigi önnur evrulönd, svo sem Ítalía og Spánn, í vaxandi vandræðum með að selja skuldir sínar á viðráðanlegum kjörum. Langtímalánamarkaðir sé svo alveg lokaðir sumum öðrum evrulöndum, svo sem Grikklandi, Írlandi og Portúgal.

Í skýrslu sendinefndar sjóðsins er aðgerða sagt þörf á þremur sviðum til að rjúfa efnahagsvítahring evrusvæðisins. Efla þurfi bankakerfissamruna með samevrópsku tryggingakerfi innstæðna og stuðningskerfi, sem njóti stuðnings landanna allra og búi við sameiginlegt eftirlit. Eins þurfi aukna samþættingu efnahagsstjórnar í löndunum, með öflugra samstarfi ríkja og deildri ábyrgð og áhættu. Í þriðja lagi þurfi kerfisumbætur, jafnt í löndum sem skila afgangi og hinum sem rekin eru með halla, til þess að ýta undir vöxt og taka á innra ójafnvægi á svæðinu. - óká



**Í FRANKFURT** Sólblóm við evrutáknið sem stendur við Seðlabanka Evrópu í Frankfurt í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LEYNDARDÓMUR** Lögregla hefur ekki enn skorið úr því af hverju ungur maður braust inn til tígrisdýranna í dýragarðinum í Kaupmannahöfn. NORDICPHOTOS/AFP

Drepinn af tígrisdýrum:

## Óljóst um tilgang mannsins

**DANMÖRK** Ekki er enn vitað hvað manninum sem fór inn til tígrisdýranna í dýragarðinum í Kaupmannahöfn gekk til með athæfi sínu. Maðurinn fannst látinn í búrinu að morgni sunnudags, en hann hafði brotist inn í garðinn kvöldið áður.

Lögregla sagði í tilkynningu í gær að maðurinn, sem var tvítugur að aldri, hefði farið beint að híbýlum tígrisdýranna. Banamein hans var bit á háls.

Ekki er útilokað að um sjálfsmorð hafi verið að ræða, en ekkert bendir til þess að um glæp sé að ræða. - þj

Forsætisráðherra Noregs:

## Hefur áhyggjur af fordómum

**NOREGUR** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, hefur áhyggjur af fordómum samlanda sinna í garð rómafólks, sem einnig er kallað sígaunar. Hann sagði í samtali við NRK að hatrið sem einkennt hefði umræðuna þar í landi síðustu vikur væri ekki í samræmi við norsk gildi, til dæmis umburðarlyndi og fjölbreytileika samfélagsins.

„Því eru mikil vonbrigði að verða vitni að nýlegum yfirlýsingum um rómafólk,“ sagði hann.

Málefni rómafólks í Noregi hafa komist í hámæli eftir að tugir úr þeirra hópi settust að í búðum í nágrenni Óslóar um helgina. - þj

# Hefðu fært gömlu húsin á Ingólfstorg

**Tillagan sem lenti í öðru sæti í samkeppni um Ingólfstorg og Kvosina gerði ráð fyrir því að gömul hús við Ingólfstorg yrðu færð inn á torgið og nýbygging kæmi í þeirra stað. Myndu líka byggja við Kirkjustræti og endurbyggja Nasa.**

**SKIPULAGSMÁL** Allar verðlaunatillögurnar í samkeppni um Ingólfstorg og Kvosina gerðu ráð fyrir því að breyta Ingólfstorgi og nota hluta þess undir byggingar.

Tillagan sem lenti í öðru sæti í samkeppninni kom frá Kanon arkitektum. Í henni er gert ráð fyrir því að Landsímahúsið verði notað undir hótel og við það byggðar nýbyggingar bæði við Kirkjustræti, eins og í tillögu ASK arkitekta sem var í fyrsta sæti, og við Vallarstræti. Þá er gert ráð fyrir því, eins og í verðlaunatillögunni, að salurinn sem hýsir Nasa verði endurbyggður í svipaðri mynd. Einn veigamesti munurinn á tillögunum tveimur er að í tillögunni frá Kanon arkitektum er gert ráð fyrir því að húsin sem nú standa við Vallarstræti, Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7, verði færð fram á Ingólfstorg og nýbygging verði byggð þar sem þau standa nú.

Í greinargerð Kanon arkitekta kemur fram að með því að færa húsin fram á Ingólfstorg sé verið að nýta skuggsælasta hluta þess til uppbyggingar. Í staðinn yrðu húsin við hinn enda torgsins, þar sem nú eru skyndibitastaður og ísbúð, fjarlægð. Þá myndi flutningurinn styrkja götumyndina og mynda heilsteypta umgjörð torgsins ásamt öðrum eldri húsum þar. Í tillögu Kanon er gert ráð fyrir nýbyggingu við Kirkjustræti, líkt og í tillögu ASK arkitekta. Húsið væri þó ekki hluti hótelsins.

Dómnefndin taldi það ókost við tillöguna að bygging hótelsins væri alfarið háð uppbyggingu á Ingólfstorgi og flutningi húsanna fram á torgið. thorunn@frettabladid.is



**INGÓLFSTORG** Gömlu húsin við Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7 hefðu verið færð saman og inn á Ingólfstorg. Í staðinn er gert ráð fyrir að söluskálar við hinn enda torgsins fari og torgið stækki þeim megin. MYND/KANON ARKITEKTAR



**HÓTELIÐ** Svona lítur hótelið út samkvæmt tillögu Kanon arkitekta. Byggt hefði verið við Kirkjustræti líkt og í verðlaunatillögunni, en aðalinngangur hótelsins hefði verið frá Víkurgarði.

Ásta Ingibjörg Pétursdóttir:

## Nýr prestur í Bolungarvík

**ÞJÓÐKIRKJAN** Séra Ásta Ingibjörg Pétursdóttir hefur verið kjörin nýr prestur í Bolungarvíkurprestakalli. Hún tekur við embættinu af séra Agnesi M. Sigurðardóttur sem vígð var til biskups yfir Íslandi á dögunum.



**ÁSTA INGIBJÖRG PÉTURSDÓTTIR**

Það er biskupinn sem skipar Ástu Ingibjörgu formlega í embættið en það er veitt frá 1. ágúst næstkomandi.

Ásta Ingibjörg hefur gegnt embætti sóknarprests í Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli síðan 2009. Hún tekur við af Agnesi í Bolungarvíkurprestakalli sem er ríflega tvöfalt stærra en það í Bíldudal og Tálknafirði. Agnes þjónaði sem sóknarprestur í Bolungarvík í átján ár og sem prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi í þrettán ár. Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði, hefur tekið við prófastsdæminu. - bþh

VEGAMÁL

### Vegur lokaður við Kaldá

Mófellsstaðavegi við Kaldá hefur verið lokað um óákveðinn tíma á meðan þar fer fram viðgerð á brú. Vegagerðin bendir vegfarendum á að fara Skorradalsveg (númer 508) á meðan á viðgerð stendur.

FASTEIGNAMARKAÐUR

### Sumar á húsnæðismarkaði

Alls 91 kaupsamningi var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 6. til 12. júlí. Heildarvelta á húsnæðismarkaði var 2,7 milljarðar króna en veltan á markaðnum hefur minnkað síðustu vikur eftir fjórlegt vor.


Öryggishnappur sem bjargar
Hjúkrunarfræðingar alltaf á vakt

Með öryggishnappi Öryggismiðstöðvarinnar færðu þráðlausan reykskynjara beintengdan stjórnstöð. Meiri þjónusta sem eykur öryggi þitt og þinna nánustu.

**Það er einfalt og kostar ekkert að skipta um þjónustuaðila.**

ÖRYGGI VELFERÐ

**Hringdu núna!**
**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 120623




# TAX FREE DAGAR



## AFNEMUM VSK

ÖLL **SUMARLEIKFÖNG**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*



## AFNEMUM VSK

ALLAR **GOLFVÖRUR**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*



## AFNEMUM VSK

ALLAR **JÓGA- & SPORTVÖRUR**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*



## AFNEMUM VSK

ALLAR **VEIÐIVÖRUR**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 22. júlí á meðan birgðir endast. Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Kringlunni og Garðabæ - minna úrval í öðrum verslunum.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?




1. Hvað er talið að HSBC, einn stærsti banki Evrópu, hafi látið viðgangast?

2. Hvaða dvalarheimili hefur sótt um vínveitingaleyfi?

3. Hvenær á að kjósa um nýja stjórnarskrá?

SVÖRIN

1. Peningaþvætti. 2. Hrafnista í Reykjavík. 3. Tuttugasta október.

Flokkur sem leggur áherslu á beint lýðræði, tjáningarfrelsi og beint aðgengi almennings að upplýsingum:

# Undirbúa stofnun íslensks sjóræningjaflokks

**STJÓRNMÁL** Birgitta Jónsdóttir, þingkona Hreyfingarinnar, undirbýr nú stofnun nýs stjórnmálaflokks ásamt hópi fólks. Flokkurinn er kallaður Píratapartýið en hann sækir fyrirmyndir sínar til svokallaðra sjóræningjaflokka sem hafa boðið fram í fjölda landa. Stefnir hópurinn á framboð í næstu alþingiskosningum.

„Grunnstef þessara flokka fellur mjög vel að þeim málefnum sem ég hef lagt mesta áherslu á svo sem hvað varðar beint lýðræði, tjáningarfrelsi, beint aðgengi almennings að upplýsingum og friðhelgi einkalífsins á 21. öldinni,“ segir Birgitta og heldur áfram: „Þá finnst mér mikilvægt að búa til vettvang fyrir fólk sem hefur hingað til ekki haft neinn áhuga á stjórnmálum. Þá er ég helst að horfa til ungs fólks sem píratarnir víða um heim hafa helst verið að ná til.“



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

Birgitta segir að flokkurinn hafi enn ekki verið stofnaður formlega. Áhugi fjölmiðla á flokknum hafi því kannski komið of snemma þar sem flokkurinn sé enn á undirbúningsstigi. Greindi DV frá því í gær að verið væri að undirbúa stofnun flokksins og kom meðal annars fram í frétt blaðsins að Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, hefði sýnt áhuga á þátttöku.

Eins og áður sagði er Birgitta þingmaður Hreyfingarinnar og segist hún ætla að vera það áfram út kjörtímabilið. Hún hefur hins vegar hætt þátttöku í Dögun, nýjum stjórnmálasamtökum sem Hreyfingin rann nýverið inn í.

Píratapartýið byggir á erlendri fyrirmynd en flokkar sem kenna sig við sjóræningja hafa sprottið upp í ríflega 40 löndum. Þá hafa slíkir flokkar eignast kjörinn fulltrúa í alls sjö löndum, þar á meðal í Þýskalandi og í Svíþjóð.

Hafa sjóræningjaflokkarnir í störfum sínum lagt áherslu á beint lýðræði, mannréttindi og upplýsingafrelsi en margir flokkanna hafa barist fyrir frjálsum skráarskiptum á netinu. - mþl

Landspítali og læknadeild:

## Fengu vef um krabbamein

**FÓLK** Læknadeild Háskóla Íslands og Landspítalinn fengu vefinn Brjostakrabbamein.is að gjöf á laugardag. Þuríður Baxter afhenti Helga Sigurðssyni krabbameinslækni gjöfina.

Vefurinn er ætlaður þeim sem greinast með brjóstakrabbamein og vilja kynna sér sjúkdóminn. Þuríður hefur varið um fimm þúsund klukkustundum í að þýða efni en hún hefur starfað sem þýðandi og prófarkalesari. Læknadeild HÍ og Landspítalinn munu nú taka við vefnum og sjá um viðhald hans, og er með því vonast til að hann nýtist fleiri. - þeb

NÁTTÚRA

### Hafró leitar til almennings

Hafrannsóknarstofnun (Hafró) hvetur strandveiðimenn, sjóstangveiðimenn og aðra til að hafa samband og aðstoða stofnunina við að kortleggja göngu makríls við Íslandsstrendur. Í tilkynningu á vef Hafró kemur fram að makríll virðist hafa gengið nokkuð snemma upp að landinu en með öðru móti en síðustu ár.



HÆLISLEITENDUR Í ÞÝSKALANDI Þurfa flestir að bíða lengi eftir afgreiðslu mála sinna. NORDICPHOTOS/AFP

Dómsúrskurður í Þýskalandi:

## Hælisleitendur fá meira fé

**ÞÝSKALAND** Hælisleitendur og flóttamenn í Þýskalandi fá ekki nógu mikla ríkisaðstoð til að geta lifað mannsæmandi lífi meðan þeir bíða afgreiðslu mála sinna.

Þetta er niðurstaða stjórnlagadómstólsins í Þýskalandi, sem segir að tafarlaust verði að hækka verulega framfærsluféð.

Um 130 þúsund hælisleitendur og flóttamenn eru í Þýskalandi. Þeir eiga hér eftir að fá greiddar 336 evrur á mánuði hver, eða rúmlega 52 þúsund krónur. - gb

# Atburðir í Rúmeníu vekja áhyggjur ESB

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gagnrýnir harðlega Rúmeníu og Búlgaríu fyrir að standast ekki kröfur sem gerðar eru til aðildarríkjanna. Búlgaría ræður ekkert við skipulagða glæpi og Rúmeníustjórn grefur undan lýðræðinu.**

**BELGÍA** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir atburðina í Rúmeníu síðustu vikur vekja alvarlegar efasemdir um að Victor Ponta forsætisráðherra og stjórn hans beri næga virðingu fyrir lýðræði og reglum réttarríkisins.

„Stjórnmálamenn mega ekki reyna að ógna dómurum áður en dómur er kveðinn upp, né ráðast á dómara þegar þeir hafa tekið ákvarðanir sem falla ekki í kramið,“ sagði Barroso í gær þegar hann kynnti áfangaskýrslur um umbætur, sem bæði Rúmenía og Búlgaría lofuðu að hrinda í framkvæmd þegar þessi tvö ríki fengu aðild að ESB fyrir fimm árum.

Bæði löndin eru harðlega gagnrýnd fyrir að hægt hafi miðað.

Í Rúmeníu hefur Ponta forsætisráðherra, sem er sósíaldemókrati, staðið í ströngu síðan hann tók við embættinu í maí, þegar fyrri ríkisstjórn missti meirihluta sinn á þingi. Gagnrýnendur segja hann hafa gripið til vafasamra aðgerða í því skyni að hrifsa til sín öll völd í landinu.

Ponta hefur meðal annars reynt að víkja Traian Basescu forseta úr embætti. Hann hefur hunsað niðurstöðu stjórnlagadómstóls og reynt að breyta starfsreglum dómstólsins. Hann hefur vikið umboðsmanni þjóðþingsins úr embætti sínu.

Í lok júlí verður þjóðaratkvæðagreiðsla, þar sem þjóðin verður spurð hvort hún samþykki brottvikningu forsetans.

Ponta lét hins vegar undan þrýstingi frá ESB og féllst í gær á að þjóðaratkvæðagreiðslan verði ekki gild nema kosningaþátttakan nái meirihluta kosningabærra manna.

Í áfangaskýrslum ESB eru stjórnvöld í bæði Rúmeníu og Búlgaríu gagnrýnd fyrir að hafa ekki náð tilætluðum árangri við uppbyggingu í dómsmálum og hafa heldur ekki náð að draga nægilega úr landlægri spillingu, auk þess sem Búlgaría er gagnrýnd fyrir að ráða lítið sem ekkert við skipulagða glæpastarfsemi.

Við inngöngu landanna í ESB árið 2007 var samþykkt að framkvæmdastjórn ESB fylgdist grannt með árangri landanna á þessum sviðum, og aðstoða þau eftir megni þangað til þau stæðust þær kröfur sem gerðar eru til aðildarríkja ESB.

gudsteinn@frettabladid.is



VICTOR PONTA Forsætisráðherra Rúmeníu hefur staðið í ströngu síðan hann tók við í maí og er sakaður um tilraunir til valdaráns. NORDICPHOTOS/AFP

> Stjórnmálamenn mega ekki reyna að ógna dómurum áður en dómur er kveðinn upp …
>
> JOSE MANUEL BARROSO
> FORSETI FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB







Óbreyttum starfsmönnum skipt inn á fyrir borgarfulltrúa og fyrrverandi borgarstjóra:

# Veiddu í Elliðaánum í boði borgarinnar

**STANGVEIÐI** Sannkallað mok var í Elliðaánum á föstudaginn þegar starfsmenn Reykjavíkurborgar mættu þar á bakkana. Alls veiddust 27 laxar á stangirnar sex sem er aldeilis skínandi árangur.

„Ég hef veitt einu sinni í Elliðaánum áður en er samt algjör amatör og hefði ekki fengið þessa tvo fiska nema fyrir góða aðstoð frá manni úr Stangaveiðifélagi Reykjavíkur,“ segir Elínborg af framkvæmda- og eignasviði borgarinnar.

Reykjavíkurborg hefur fimm daga til umráða í Elliðaánum í sumar. Þar af veiða borgarstarfsmenn og „hvunndagshetjur“ í þrjá daga. Nýtt fyrirkomulag var tekið upp í fyrra.

„Áður voru þessir dagar notaðir af borgarfulltrúum, gestum Orkuveitu Reykjavíkur og fyrrverandi borgarstjórum. Nú er hafður sá háttur á að starfsmenn Reykjavíkurborgar eru hvattir til þess að benda á dugmikla samstarfsmenn sína og hefur það mælst afar vel fyrir,“ segir á Reykjavik.is.

Elínborg hafði landað tveggja laxa kvóta sínum strax klukkan ellefu. Þar sem hún veiddi á maðk varð hún að hætta veiðunum við svo búið. Þeir sem veiddu á flugu gátu hins vegar haldið áfram þótt kvótanum væri náð.

„Þetta var stórskemmtilegur dagur,“ segir Elínborg sem kveður laxana hafa verið afar spræka. „Ég er búin að elda annan þeirra og hann var feikilega góður.“ - gar



ELÍNBORG RAGNARSDÓTTIR Starfsmaður framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar með rennilegan lax úr Sjávarfossi. MYND/REYKJAVÍKURBORG

DEBENHAMS

# Bláa bomban



**VERÐSPRENGJA!**

# 20%

## viðbótarafsláttur

af allri útsöluvöru

**NÝTT KORTATÍMABIL**

**Opið** 11 - 21 í dag

Finndu okkur á facebook

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR



## Ör bráðnun jökla á norðurslóðum










**ÍSHELLAN BROTNAR FRÁ** Fremsti partur Petermann-jökuls flýtur í firðinum. Á tæpum sólarhring losnaði gríðarstór ísjakinn algerlega frá skriðjöklinum og barst út á fjörðinn. MYNDIR/NASA

# Jöklar bráðna mun hraðar en áætlað var

**Grænlandsjökull hopar hraðar en vísindamenn gerðu ráð fyrir. Nýverið brotnaði stór ísjaki úr skriðjökli á Norður-Grænlandi. Breytingarnar eru ekki eðlilegar lengur segir jöklafræðingur.**

Stór ísjaki brotnaði úr Petermannjökli sem gengur norður úr Grænlandsjökli út fjörð sem opnast að Nares-sundi norðaustan Grænlands. Petermann-jökull er skriðjökull sem gengur út í hafið þar sem ysti hluti hans flýtur. Ísjakinn brotnaði frá fljótandi ísbreiðunni þann 16. júlí en sprunga í ísnum uppgötvaðist á loftmyndum árið 2001.

Vísindamenn óttast að þetta sé til merkis um að Grænlandsjökull bráðni hraðar en áður var talið og að áhrif loftslagsbreytinga í heiminum muni koma fram fyrr en áætlað var.

Petermann-jökull hefur hopað mikið undanfarin ár. Fyrir tveimur árum brotnaði frá honum enn stærri íshella utar í firðinum. Þó íshellan sem klauf sig frá jöklinum á dögunum sé helmingi minni en hellan árið 2010, þá er hún álíka stór og tvær Manhattaneyjur að flatarmáli eða hátt í 120 ferkílómetrar. Til að setja það í íslenskt samhengi þá er það álíka stórt og eitt og hálft Þingvallavatn.

Oddur Sigurðsson, sérfræðingur á sviði jöklarannsókna hjá Veðurstofu Íslands, segir jökla hafa hopað örar síðastliðin fimmtán ár en nokkru sinni síðan farið var að fylgjast með jöklum að einhverju leyti.

„Jöklar eru að hopa ofsalega,“ segir Oddur. „Það er eðlilegt að svona stykki brotni úr jöklum, það gerist kannski tilviljanakennt. Það brotnuðu tveir stórir jakar úr Grænlandsjökli á sjötta áratugnum og þá var það nú bara meðalgangur í leysingu jökla. Það gerist öðru hverju að stykki hrynji af jöklum sem eru á floti í sjónum. Þetta eru auðvitað bara peð miðað við það sem brotnar frá Suðurskautslandinu.“

### Mesta bráðnun síðan á söguöld

Oddur segir jökla á Grænlandi hafa hopað meira en fræðimenn gerðu ráð fyrir. Það sama er uppi á teningnum hér á Íslandi. „Hér á landi hafa jöklarnir hopað meira en við eigum dæmi um fyrr í sögunni. Það þýðir að þetta er örasta leysing jökla síðan á söguöld.“

Spurður hvort jöklar á Íslandi hafi nokkurn tíma verið minni segir hann: „Jú, þeir voru minni á landnámsöld. Þeir uxu á alla kanta lengst af Íslandssögunnar, að minnsta kosti frá Sturlungaöld. Eftir það fóru þeir meira og minna samfellt vaxandi þar til 1890 eða svo. Þeir hafa hopað álíka mikið undanfarna öld og þeir gengu fram þrjár aldir þar á undan. Þannig að núna eru jöklar álíka stórir og þeir voru um siðaskiptin. Því hefur enginn mótmælendatrúar séð það land sem birtist nú undan jöklunum.“

### Hlýnun loftlags um að kenna

Vísindamenn hafa nokkrar áhyggjur af leysingu Grænlandsjökuls. Ísjakinn stóri sem brotnaði frá Petermann-jökli á dögunum og sá sem brotnaði fyrir tveimur árum slá ekki á þær áhyggjur. Enn er rannsakað hvað veldur þessum atburðum og hvaða þýðingu þeir geta haft. „Þetta er enn einn minnisvarðinn um að Grænland er að breytast mjög hratt,“ sagði Andreas Muenchow, prófessor við Delaware-háskóla, við AP fréttastofuna.

Talið er að hlýnun loftlags sé um að kenna en ekki hefur verið afsannað að um náttúrlega þróun jökulsins sé að ræða. Ísjakar geta brotnað frá skriðjöklum á vatni á náttúrulegan hátt. Muenchow bendir hins vegar á að þróun Petermann-jökuls sé óvanaleg.

Eric Rignot, jöklafræðingur hjá NASA, hefur fylgst lengi með jöklinum og er ekki jafn hógvær. „Þetta eru ekki eðlilegar breytingar lengur,“ fullyrðir hann.

Norður-Grænland og Kanada hafa hlýnað fimm sinnum hraðar en meðalhlýnun á heimsvísu. Íshellan stóra sem brotnaði 16. júlí mun að öllum líkindum fara sömu leið og jakinn 2010, það er vestur fyrir Grænland þar sem hann brotnar og rekur svo á strendur Nýfundnalands og bráðnar endanlega.

**Birgir Þór Harðarson**
birgirh@frettabladid.is



## Hröð þróun sem hefur gríðarleg áhrif

**Ísbreiðan á Grænlandi hefur aldrei bráðnað hraðar**

Viðamiklar rannsóknir vísindamanna staðfesta að Grænlandsjökull bráðnar hraðar en nokkru sinni. Síðan árið 2000 hefur ísbreiðan minnkað um 1.500 milljarða tonna, sem samsvarar um það bil 5 millimetra hækkun á yfirborði sjávar á hnettinum.




HEIMILD: SCIENCE
© GRAPHIC NEWS



# HÚSAFELL







**HÖFUM NÚ**
**TIL SÖLU NOKKRAR**
**SUMARHÚSALÓÐIR**

*Upplýsingar*
*892-1550*
*husafell@husafell.is*



**www.husafell.is**

# neytendur
hagur heimilanna

**110 PRÓSENTA** hækkun varð á verði aðgöngumiða í Þjóðleikhúsið frá árinu 2001 til ársins 2011. Á sama tíma hækkaði verð á vínarpylsum um 29 prósent samkvæmt Hagstofu Íslands.

■ **Húsnæði**

## Samningur um leigjendaaðstoð framlengdur



Velferðarráðuneytið og Neytendasamtökin hafa undirritað nýjan þjónustusamning um Leigjendaaðstoð Neytendasamtakanna og mun samningurinn gilda til ársloka 2013. Með slíkum þjónustusamningi, sem fyrst tók gildi 1. maí 2011, taka samtökin að sér að leiðbeina og aðstoða leigjendur í deilum þeirra við leigusala.

Mikil þörf var fyrir slíka aðstoð, að því er fram kemur á vef Neytendasamtakanna. Alls bárust 817 erindi til Leigjendaaðstoðarinnar frá 1. maí 2011 til loka þess árs. Það sem af er þessu ári hafa borist rúmlega 800 erindi til Leigjendaaðstoðarinnar.

■ **Flugferðir**

## Mögulegt að bóka flug með snjallsímaforriti WOW air



WOW air mun innan skamms bjóða upp á snjallsímaforrit fyrir bæði iPhone og Android-síma þar sem hægt verður að bóka flug, að því er vefurinn Turisti.is hefur eftir Svanhvíti Friðriksdóttur, talskonu flugfélagsins. Þar segir hún að farþegar geti haldið utan um bókun sína, fengið upplýsingar um komu- og brottfarartíma ásamt því að geta skoðað upplýsingar um áfangastaði. Á vefnum segir jafnframt að málið sé til skoðunar hjá Iceland Express. Icelandair er með sérstaka heimasíðu sem er hönnuð fyrir farsíma með vafra.

■ **Matvæli**

## Úði með vodkabragði þróaður fyrir matargerð

Bandaríski vísindamaðurinn David Edwards og franski hönnuðurinn Philippe Starck hafa þróað bragðúða undir heitinu Wahh sem seldur er í París og á netinu. Úðinn er til með piparbragði og vodkabragði og er í umbúðum sem eru á stærð við varalit. Síðarnefndi úðinn er hins vegar ekki eingöngu notaður við matargerð ef marka má umfjöllun erlendra fjölmiðla. Fullyrt er að hægt sé að finna fyrir ölvunaráhrifum sé úðað beint í munninn í stað þess að úða á matinn. David Edwards hefur áður fundið upp koffínúða með kaffi- eða sükkulaðibragði.

Verðmerkingum ábótavant:

## Vantaði verðmiða í ísbúðum

**NEYTENDUR** Verðmerkingum var ábótavant í fimm af fimmtán ísbúðum sem Neytendastofa gerði athugun hjá.

Þetta voru Ísbúðin Garðabæ, Ísbúðin Háaleiti, Ísbúðin Smáralind, Ísfólkið og Ísgerðin. Þeim var gefinn frestur til að laga verðmerkingar.

Allar nema ein ísbúð höfðu farið að tilmælunum, þegar Neytendastofa kannaði málin síðar.

Það var Ísbúðin í Háaleiti sem fékk athugasemdir í seinni heimsókninni, en þar hafði hluti af söluvörum verið verðmerktur en vörur í kæli ásamt kökuþjónustu voru enn án verðmerkinga. **- ktg**



**ÍS Í BRAUÐFORMI** Verðmerkingar eiga að tryggja gagnsæi í verðupplýsingum svo auðveldara sé fyrir neytandann að gera verðsamanburð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**Í BANKA** Með því að nýta sér sjálfvirka þjónustu bankanna er hægt að komast hjá því að greiða ýmis gjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hægt að komast hjá þjónustugjöldum banka

**Það getur kostað 120 krónur að fá yfirlit yfir reikning afhent hjá starfsmanni í bankaútibúi og 75 krónur að hringja í þjónustuver banka til að fá yfirlit yfir stöðuna svo dæmi séu tekin. Viðskiptavinir geta hins vegar komist hjá þessum gjöldum og fleiri með því að nýta sér sjálfvirka þjónustu bankanna í eins miklum mæli og hægt er.**

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir þjónustugjöld geta átt fullan rétt á sér óski viðskiptavinur eftir ákveðinni þjónustu og ef greitt er sannvirði fyrir þjónustuna, eins og hann orðar það. „Gjöldin eiga að endurspegla kostnaðinn sem er á bak við þjónustuna sem viðskiptavinur óskar sérstaklega eftir. Ef gjöldin væru ekki tekin í þeim tilfellum væri verið að dreifa kostnaðinum á alla viðskiptavinina. Það er lítið hægt að segja um þessi gjöld ef um raunkostnað er að ræða. Álagning á að vera takmörkuð en ekki einhver tekjulind fyrir bankana.“

Að sögn Jóhannesar geta þeir einstaklingar sem ekki eiga tölvu eða kunna ekki á tölvu lent í því að borga ýmis þjónustugjöld sem aðrir geta komist hjá. „En viðskiptavinir sem geta nýtt sér sjálfvirka þjónustu eins og heimabanka geta sparað sér ýmis gjöld sem bankarnir eru með. Þeir geta til dæmis látið vita að þeir vilji ekki greiðsluseðil sendan heim, hvorki frá banka né þeim aðila sem fær greiðsluna. Viðskiptavinir geta líka sparað með því að láta skuldfæra lán á gjalddaga. Það er auðvelt að fylgjast með stöðunni á reikningunum í heimabanka og það er einnig hægt að skoða þá reikninga sem maður greiðir rafrænt.“

Á heimasíðum bankanna er verðskrá yfir þau gjöld sem tekin eru fyrir ákveðna þjónustu sem starfsmenn bankans sjá um. Hjá Íslandsbanka kostar það til dæmis 120 krónur að fá útprent af yfirliti afhent í bankanum sjálfum. Það er sama gjald og tekið er þegar yfirlitið er sent heim til viðskiptavinar. Ekkert gjald er tekið þegar hringt er í þjónustuver Íslandsbanka til að fá yfirlit yfir stöðuna. Arion banki rukkar hins vegar viðskiptavini um 75 krónur vegna slíkrar þjónustu. Hvorugur bankinn tekur gjald þegar hringt er í sjálfvirkan þjónustusíma til að fá upplýsingar um stöðu og færslur.

„Við hvetjum neytendur til þess að skoða öll þessi gjöld til þess að þeir sjái hverjum þeirra er hægt að komast hjá. Þannig er hægt að spara sér peninga,“ segir Jóhannes. **ibs@frettabladid.is**

**Dæmi um þjónustugjöld**

| | Arion banki | Íslandsbanki |
|---|---|---|
| Millifærsla í annan banka | 110 kr. | 125 kr. |
| Yfirlit fengið í banka | 110 kr. | 120 kr. |
| Yfirlit sent heim | 110 kr. | 120 kr. |
| Hringt í þjónustuver vegna stöðu | 75 kr. | 0 kr. |
| Hringt í sjálfvirkan þjónustusíma | 0 kr. | 0 kr. |
| Úttekt með debetkorti í banka | 50 kr. | 15 kr. |




Við erum með sterku hellurnar!

Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is




5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

PIPAR\TBWA • SÍA • 122093



**ÞEKKT VÖRUMERKI Á FRÁBÆRU VERÐI!**

# SUMAR-MARKAÐUR

## ELLINGSEN

**DEVOLD UNDIRFATNAÐUR 20% AFSLÁTTUR**

**SCOTT SLEÐAVÖRUR 30% AFSLÁTTUR**



**36% AFSLÁTTUR**
CAMPINGAZ KÆLIBOX 28 L
Með 12 v bílatengi
**11.490 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



**44% AFSLÁTTUR**
HNÍFAPÖR 16 STK.
**2.990 KR.**
FULLT VERÐ 5.388 KR.



**28% AFSLÁTTUR**
COLEMAN TRACK SVEFNPOKI
**4.290 KR.**
FULLT VERÐ 5.990 KR.



**33% AFSLÁTTUR**
COLUMBIA SILVER ÚTIVISTARSKYRTA
KK og KVK, stærðir S–XXL, ýmsir litir
**7.990 KR.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.



**25% AFSLÁTTUR**
VIKING FINSE GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–46
**26.242 KR.**
FULLT VERÐ 34.990 KR.



**25% AFSLÁTTUR**
COLEMAN LOFTDÝNA
Einbreið
**3.990 KR.**
FULLT VERÐ 5.490 KR.



**28% AFSLÁTTUR**
COLUMBIA SILVER ÚTIVISTARSKYRTA
Stærðir M–XXL, ýmsir litir
**9.990 KR.**
FULLT VERÐ 13.990 KR.



**20% AFSLÁTTUR**
COLEMAN ÚTILEGUSTÓLL MEÐ ÖRMUM
Sterkur og samfellanlegur
**7.992 KR.**
FULLT VERÐ 9.990 KR.





**24% AFSLÁTTUR**
COLEMAN FERÐAKLÓSETT
**12.990 KR.**
FULLT VERÐ 16.990 KR.



**40% AFSLÁTTUR**
MOVERA ELDHÚSSETT
6 stk.
**14.990 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.

**25% AFSLÁTTUR**
COLEMAN ALASKA TITANIUM 2
2ja manna með 4000 mm vatnsvörn
**14.990 KR.**
FULLT VERÐ 19.990 KR.




Þýskaland á þrusufínu verði!

Berlín og Köln, verð frá:

16.700 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.
Ferðatímabil: 20. júlí til 30. september 2012

FÍTON / SÍA

12 TÍMA TILBOÐ!
frá hádegi til miðnættis

Iceland Express
– lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is




**SKUGGALEIKIR** Þegar sólin sest í sæ þyrpist fólk á strandlengjuna við hina lágreistu byggð á Seltjarnarnesi og fylgist með hinu undursamlega sjónarspili náttúrunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sólarlagið heillar

**Íslenska kvöldsólin skartar sínu fegursta nú þegar dagurinn tekur vart enda. Landsmenn og ferðamenn fara í miðnæturferðir og fylgjast með sól síga í sæ. Strandlengjan meðfram Sæbraut og Grótta eru vinsælir útsýnisstaðir.**

**NÁTTÚRA** „Fólk sækir bæði í strandlengjuna við Sæbraut og út í Gróttu og nánast út að vitanum. Fólki finnst magnað hvað sólin er lengi á himni," segir Auður Halldórsdóttir hjá upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík.

Mikið af fólki hefur undanfarið safnast á útsýnisstaði á kvöldin, þar sem gott er að fylgjast með sólarlaginu. Það á jafnt við um Íslendinga og ferðamenn.

Sólfarið í Reykjavík hefur notið mikilla vinsælda sökum þessa, ásamt Gróttu og Ingólfshóli.

Auður segir töluvert um að fólk spyrji út í miðnæturferðir, þar sem hægt sé að njóta birtunnar. Hún segir ýmislegt í boði.

> Ef fólk ferðast um Norðurland getur það séð sólina dýfa tánum rétt ofan í sjóinn og koma svo upp hálftíma seinna. Ef þú ert í Berlín eða London þá er dimmt á þessum tíma.
>
> **AUÐUR HALLDÓRSDÓTTIR**
> HJÁ UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ FERÐAMANNA

„Það er hægt að fara í Esjugöngu, snorkla á Þingvöllum og fara í miðnæturgolf. Þetta er allt geysivinsælt."

Auður segir íslensku kvöldsólina einnig sérstaka. „Þessi fallega kvöldsól er sérstaða. Ef fólk ferðast um Norðurland getur það séð sólina dýfa tánum rétt ofan í sjóinn og koma svo upp hálftíma seinna. Ef þú ert í Berlín eða London þá er dimmt á þessum tíma."

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri tekur í sama streng.

„Lega landsins og þau náttúrufyrirbrigði sem hún gefur aðgang að á himni er eitt af því sem skapar sérstöðu á Íslandi."

Ólöf segir birtuna heilla ferðamenn.

„Fólk kemur hingað vitandi af þessum björtu sumarnóttum."

katrin@frettabladid.is



**SÓLSETUR** Fátt skyggir á kvöldsólina við Gróttu. Þetta fólk lagði leið sína þangað í vikunni og naut útsýnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SÓLFARIÐ** Tveir menn renndu fyrir fisk við Sólfarið. Þeir höfðu nýlokið við að landa einum makríl þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GRÓTTA** Sólin er lengi að setjast um þessar mundir, annað en það sem tíðkast nær miðbaug þar sem dimman getur skollið á nær fyrirvaralaust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fáðu 3 fyrir 2 í dag




# Ora aspassúpur á afmælistilboði

Nýttu þér 60 ára afmælistilboð Ora og fáðu þrjár Ora vörur á verði tveggja. Haltu upp á afmælið með okkur. Kræktu þér í afmælistilboðið í næstu verslun. Vörurnar frá Ora endurspegla sanna íslenska ástríðu í matargerð - ómissandi meðlæti á íslenskum heimilum sem heilu kynslóðirnar hafa alist upp með. Ora hefur frá upphafi boðið Íslendingum hágæðavörur úr úrvals hráefni.

*Mundu eftir 60 ára afmælinu - nýttu þér þrennutilboðið frá Ora í næstu verslun.*




*Fáðu 3 fyrir 2 í dag*

*Afmælistilboð*
*Fáðu 3 fyrir 2 í dag*

ÁSTRÍÐA Í MATARGERÐ
60
Ora í sextíu ár
1952-2012

*Fáðu 3 fyrir 2* *Skoðaðu tilboðin, uppskriftirnar og fróðleikinn á afmælisárinu á ora.is. Taktu þátt í afmælisleiknum á Facebook.*

*Skoðaðu ora.is* *Fylgstu með á Facebook*

ora

***Mundu eftir 60 ára afmæli Ora***
***Nýttu þér 3 fyrir 2 þrennutilboðin frá Ora***

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Misráðið fyrirkomulag strandveiða:

## Ólympísk vitleysa

Fréttablaðið sagði frá því í fyrradag að horfur væru á að verðfall yrði á afla strandveiðimanna eftir mánaðamótin. Strandveiðibátunum er heimilt að halda til veiða 1. ágúst, en þremur dögum síðar kemur verzlunarmannahelgi og þá eru flestar fiskvinnslur lokaðar. Ef enginn mætir á fiskmarkað til að bjóða í aflann verður honum annaðhvort hent eða minni vinnslur kaupa hann á mjög lágu verði.

Þetta er ein afleiðing þeirrar vitlausu ákvörðunar sem Jón Bjarnason tók þegar hann var ráðherra. Með því að taka nokkur þúsund tonn af botnfiski og láta smábáta keppa um aflann var búið til nýtt gat í kerfi skynsamlegrar fiskveiðistjórnunar í stað þeirra sem stoppað hafði verið upp í til að koma böndum á stjórnlausa veiði smábáta um árabil.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Strandveiðimenn hafa rætt sín á milli að bindast samtökum um að seinka því að róa. Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, sagði hér í blaðinu að hann vissi þó ekki til að slíkt samkomulag væri að nást. Auðvitað ekki. Það væri ekki bindandi fyrir nokkurn mann og freistingin of mikil á meðal þeirra 760 sem hafa fengið strandveiðileyfi í sumar að róa og krækja í stærri skerf af heildaraflanum en hinir – áður en komið er upp í leyfilegt hámark og veiðarnar verða stöðvaðar þegar fáeinir dagar eru liðnir af mánuðinum, eins og reyndin hefur verið undanfarin sumur.

Reynslan af strandveiðunum, sem hófust 2009, er að flestu leyti vond. Nefnd hagfræðinga, sem Jón Bjarnason fékk í fyrrasumar til að rýna fyrsta kvótafrumvarpið (samkvæmt því átti að auka strandveiðar), benti á að það væri yfirhöfuð furðulegt að þeim hefði verið komið á. Um væri að ræða svokallaðar ólympískar veiðar, þar sem heildarafli er takmarkaður en afli hvers báts ræðst fyrst og fremst af sókn. Ólympískar eru þær kallaðar vegna kappsins, sem menn leggja við að veiða sem mest á sem stytztum tíma. Það kemur niður á gæðum aflans, sem eru mun lakari en hjá bátum í kvótakerfinu, lækkar verðið á fiskinum og hækkar kostnað við sóknina.

Í sömu skýrslu voru rifjuð upp markmið ráðherrans með strandveiðunum, en þau voru meðal annars að stuðla að vistvænni veiðum, auka nýliðun í sjávarútvegi, efla atvinnu og hleypa nýju lífi í sjávarbyggðir. Niðurstaða hagfræðinganna var hins vegar sú að veiðifyrirkomulagið hvetti til brottkasts, bátarnir væru mikið til að veiða smærri fisk nálægt landi og fáeinir róðrardagar yfir sumarið byggju ekki til raunverulega atvinnu fyrir neinn.

Um nýliðunina vísuðu þeir til athugana Háskólaseturs Vestfjarða, sem bentu til að yfirgnæfandi meirihluti strandveiðimanna hefði áður stundað útgerð. „Því virðist fremur sem strandveiðarnar hafi virkjað þann hluta smábátasjómanna og smábátaflotans sem höfðu horfið úr útgerð í hagræðingu undangenginna tveggja áratuga. Miðað við áherslur stjórnvalda á að sú hagræðing fengi að eiga sér stað skýtur skökku við að ráðast í breytingar á fiskveiðistjórnun sem leyfa henni að ganga til baka," sagði í skýrslunni.

Strandveiðarnar hafa líklega gert sjávarbyggðirnar líflegri og búið til fleiri myndatökutækifæri fyrir ferðamenn – fyrstu daga hvers sumarmánaðar. En þær hafa ekki stuðlað að raunverulegri atvinnusköpun og því síður hagkvæmri nýtingu á dýrmætri auðlind. Það er miklu nær að vinda ofan af þessari vitleysu en að bæta í.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jafngilt

Steingrímur J. Sigfússon hefur ákveðið að auglýsa ekki stöðu ráðuneytisstjóra í nýju atvinnuvegaráðuneyti sínu, heldur ráða frekar einhvern þeirra sem nú stýra ráðuneytunum þremur sem munu sameinast. Sú frétt berst strax í kjölfarið á gagnrýni Umboðsmanns Alþingis á það að opinberar stöður séu ekki auglýstar í nægilega ríkum mæli. Einhverjum kynni að þykja það óheppilegt – en ekki Steingrími, sem útskýrir ákvörðunina svona í samtali við RÚV: „Það ræðst svolítið af aðstæðum og hvoru tveggja er jafngilt," segir hann. Það væri fróðlegt að vita hvort umboðsmaður er sammála þeirri fullyrðingu.



### Heiðarlegt

Á hinn bóginn má segja að það sé kannski heiðarlegra að leyfa þremenningunum að keppa innbyrðis um stöðuna en að eyða tíma og peningum í að auglýsa sig að fyrirframgefinni niðurstöðu.



### Rugl

Birgitta Jónsdóttir, Smári McCarthy og fleiri unnendur gagnsæis og upplýsingafrelsis vinna nú að stofnun stjórnmálaflokks utan um þetta hugðarefni sitt. Því ber að fagna. Fyrirmyndin er sótt til sambærilegra flokka víða um heim, sem flestir bera nafn á borð við Pirate Party, Piratpartiet, Partido Pirata og þar fram eftir götunum. Í samræmi við þá nafnahefð hefur íslenska framboðið fengið vinnuheitið Píratapartýið. Nú er pírati ekki íslenskt orð og partý ekki samheiti við flokk og þess vegna er nafngiftin tóm steypa. Vonandi átta þau sig á því á fyrsta sellufundi. **stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Hvað kosta mannréttindi?


Mannréttindi



Guðjón Sigurðsson

formaður MND félagsins


Mannréttindi eru ómetanleg í peningum. Samt sem áður eru mannréttindi brotin á fötluðum og öldruðum alla daga á Íslandi. Það hefur þó tekist með baráttu einstaklinga frekar en samtaka að mjaka okkur í rétta átt. Eitt af stærri verkefnum sem unnið er að þessar vikurnar er að Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) verði að veruleika á Íslandi. Allt að 30 árum á eftir öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Til þess að koma þessu af stað hefur ríkið lagt okkur til 150 milljónir árlega í 2 ár.

Við fatlaðir verðum að vega og meta hvað getur talist skynsamlegt að nota takmarkaða peninga til að lagfæra. Er það skynsamlegt af samtökum öryrkja að sóa tíma og peningum í lögfræðikostnað til að ógilda nýafstaðnar forsetakosningar? Kosningar sem með endurtekningu munu kosta það sama og við erum að fá til NPA-þjónustuformsins árlega. Ekki síst þegar þingmenn úr öllum flokkum hafa lýst því yfir að þetta verði eitt af þeirra fyrstu verkum á haustþingi til að leiðrétta.

Hver er forgangsröðun Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ)? Er það að halda uppi lögfræðingum í stríði við stjórnvöld? Eru að þeirra mati engin brýnni mál til að taka á?

Hvað með biðraðir fólks eftir matarúthlutunum? Hvað með að tosa upp bætur fólks? Hvað með að tryggja að allir fái vinnu við hæfi? Hvað með að fólk í hjólastólum komist út í Viðey? Hvað með aðgengi almennt að stjórnsýslu og menntun? Hvað með að þjónusta sem ætluð er öllum sé leyfð á annarri hæð í lyftulausu húsi? Hvað með að aldraðir séu sviptir sjálfræði og fjárræði þegar þeim

> Hver er forgangsröðun Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ)? Er það að halda uppi lögfræðingum í stríði við stjórnvöld?-

er komið fyrir á stofnun? Hvað með að efla virkniúrræði fólks sem í dag gerir ekkert? Hvað um aðgengi að húsnæði almennt? Svo mætti lengi telja. Verkefnin eru endalaus og því sárnar mér tíma- og peningasóun ÖBÍ í eitthvað sem er í lagfæringarferli. Nema tilgangur kærunnar sé annar en að bæta hag öryrkja?

Þetta er ekki skynsamlegt að mínu mati og skora ég á ÖBÍ að snúa sér að öðrum og brýnni verkefnum.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Handaband um æðstu embættismenn Íslands?

Stjórnsýsla

Kristrún Heimisdóttir
lektor í lögfræði við Háskólann á Akureyri



Fram er komið opinberlega að Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra undirbúnings nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytis, hyggst ekki auglýsa stöðu ráðuneytisstjóra hins nýja ráðuneytis heldur semja um hana eins og RÚV greindi frá. Greinilega virðist ráðherranum þykja þetta sjálfsagt og fjölmiðlar á móti VG úr því þeir spyrja spurninga. En af hverju í veröldinni ættu persónulegir samningar um æðstu embætti Íslands að eiga rétt á sér?

Ríkisstjórnin hefur sjálf markað þá nýju starfshætti sem reglu að valnefndir meti umsækjendur um starf ráðuneytisstjóra í kjölfar auglýsingar. Þetta styrkir sjálfstæði ráðuneytisstjórans út á við og inn á við þegar í starfið er komið og þar með stjórnsýsluna í heild. Almannahagsmunir eiga mikið undir því að ráðuneytisstjóri standi sterkur á grunni óháðs mats á hæfni sinni og getu – m.a. svo hann fyrir hönd allra undirmanna sinna geti sagt sannleikann einnig þegar það hentar ráðherranum síður. Að pólitískir hagsmunir ráðherrans geti aldrei færst skör hærra við rekstur ráðuneytis og töku ákvarðana en vera ber.

Ráðuneytisstjórinn sem hér um ræðir verður æðsti yfirmaður stjórnsýslu risaráðuneytis á íslenskan mælikvarða sem er um leið fágætt á heimsvísu með því að gjörvallt íslenska fjármálakerfið, bæði eftirlitsstofnanir þess og fjármálafyrirtækin, skal heyra undir það og því verður skipað hliðsett almennum atvinnumálum. Slík skipan þykir hvarvetna óæskileg, jafnvel beinlínis háskaleg og engir sérfræðingar hafa mælt með því á Íslandi. Ekki frekar en hinni fáheyrðu ráðstöfun að fela atvinnuvegaráðuneytinu einnig að hafa yfir Samkeppniseftirlitinu að segja. Engu að síður hafa ráðherrar því miður þegar tekið órökstudda geðþóttaákvörðun um að svona skuli skipanin vera og Alþingi staðfest það eftir flokksaga.

Margir hefðu talið það jafn líklegt og að sjá hvítan hrafn að vinstristjórn rústabjörgunarinnar færði framtíðarábyrgð á fjármálakerfi landsins inn í ramma þjónustu stjórnsýslunnar við samtök atvinnurekenda. Slík þjónusta er jú lykilstarfsemi sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneyta frá öndverðu og nú bætist fjármálakerfið allt við – í stað þess að vera skipað undir efnahagsráðuneyti eins og ríkisstjórnin ákvað í stjórnarsáttmála 2009 að væri nauðsynlegur lærdómur af hruninu.

> Til samninga um stöðu ráðuneytisstjóra er enginn nema ráðherrann sjálfur sem persónugerir það með ríkið í sjálfum sér en kastar fyrir róða valnefndum og öðrum óháðum fulltrúum almannahagsmuna. Slík mistök drægju langan dilk á eftir sér.

Og þarf nú ekki að auglýsa starf þess embættismanns sem mun stýra fundum og stjórna mati, upplýsingagjöf og undirbúningi ákvarðana á því sviði sem næstum lagði Ísland að velli 2008 og er enn órafjarri góðri heilsu? Hætt er við að þau fjölmörgu sem lengi hafa óskað sér eins sameinaðs atvinnuvegaráðuneytis, til stuðnings heildstæðri atvinnustefnu í stað sveifluhvetjandi sérhagsmunastefnu, skilji fyrr en skellur í tönnum. Hverjir munu koma að þessum væntanlegu samningum um stöðu ráðuneytisstjóra? Til samninga um stöðu ráðuneytisstjóra er enginn nema ráðherrann sjálfur sem persónugerir það með ríkið í sjálfum sér en kastar fyrir róða valnefndum og öðrum óháðum fulltrúum almannahagsmuna. Slík mistök drægju langan dilk á eftir sér.

Hvernig getur nokkur maður treyst því framvegis að ekki ráði persónusamningurinn við einstaklinginn á ráðherrastóli umfram allt annað? Að handabandið sé taumur? Finnst forsætisráðherra að við það skuli allir una?

Evrópumál

# Seðlabanki Evrópu er hlutafélag

**AF EVRÓPUVEFNUM**
Hverjir eiga Seðlabanka Evrópu og hvert er hlutverk hans við útgáfu evru?

Brynhildur Ingimarsdóttir
verkefnastjóri á Evrópuvefnum



Seðlabanki Evrópu er hlutafélag og eru seðlabankar aðildarríkja Evrópusambandsins, fyrir hönd ríkja sinna, eigendur alls hlutafjár bankans. Evruríkin sautján eru eigendur 70% af heildarhlutafénu en aðildarríkin tíu sem ekki hafa tekið upp evru eiga samtals 30% hlut í bankanum. Hlutur aðildarríkjanna í heildarhlutafé Seðlabanka Evrópu ákvarðast út frá svokölluðum dreifingarlykli fyrir hlutafjáráskrift og er reiknaður út frá íbúafjölda og vergri landsframleiðslu hvers ríkis. Seðlabanki Evrópu endurmetur skiptingu heildarhlutafjárins á fimm ára fresti og í hvert skipti sem nýtt ríki gerist aðili að sambandinu. Stærstu hluthafar bankans eru seðlabankar Þýskalands, Bretlands, Frakklands og Ítalíu.

Í lok árs 2010 var skráð heildarhlutafé Seðlabanka Evrópu hækkað úr 5,76 milljörðum evra í 10,76 milljarða. Samþykkt var að seðlabankar aðildarríkjanna myndu veita Seðlabanka Evrópu aukahlutafjárframlag í þremur afborgunum. Fyrsta og önnur afborgun áttu sér stað í lok árs 2010 og 2011 en þriðja og síðasta afborgunin mun eiga sér stað í lok árs 2012. Innborgað heildarhlutafé Seðlabanka Evrópu nemur nú rúmlega 6,3 milljörðum evra.

Bankaráð Seðlabanka Evrópu, sem skipað er stjórnarmönnum í framkvæmdastjórn bankans og seðlabankastjórum evruríkjanna, heimilar útgáfu og ákveður magn evruseðla og -myntar í umferð. Seðlabanki Evrópu hefur því yfirumsjón með útgáfu evru og er seðlabönkum evruríkjanna óheimilt að prenta evruseðla eða slá evrumynt að eigin frumkvæði. Í reynd fer prentunin og myntsláttan þó fram í seðlabönkum evruríkjanna þar sem Seðlabanki Evrópu er ekki búinn þeim tækjum og tólum sem til þarf.

Seðlabankar evruríkjanna bera kostnaðinn af framleiðslunni í sínu heimalandi.




# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# FRÁBÆRT á grillið

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja og eplamarinerað!



Trönuberja- og eplamarinerað

**1398** kr. kg

Trönberja- og eplamarinerað lambalæri



**239** kr. kg

Sætar kartöflur



30% afsláttur

**1598** kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg

Grísalundir, erlendar



40% afsláttur

**2279** kr. kg

Verð áður ~~3798~~ kr. kg

Ungnauta innlæri, erlent



**898** kr. kg

1/2 grillsagaður lambaframpartur



12 dósir í kassa

**948** kr. kassinn

Coke og Coke light, 12x33 cl dósir



**659** kr. pk.

Krónuís bragðarefur, 1,33 l



VÍTAMÍN- og kalkbættur ávaxtasafi

**129** kr. stk.

Yippy sportflaska, 3 teg., 330 ml

## Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

# Nýtt kortatímabil!

BOMBU TILBOÐ!

40% afsláttur



# 898 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísagúllas

BOMBU TILBOÐ!

40% afsláttur



# 898 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísasnitsel

## – komdu og gerðu frábær kaup!



20% afsláttur



# 1498 kr. kg

Verð áður ~~1889~~ kr. kg
Lambalærissneiðar

20% afsláttur



# 1498 kr. kg

Verð áður ~~1889~~ kr. kg
Lambalærissneiðar, New York marineraðar



# 1298 kr. kg

Lamba sirloinsneiðar



# 2689 kr. kg

SS ítalskar lambalærissneiðar



# 2057 kr. kg

SS Mexíkó grísakótilettur



# 898 kr. kg

Frosnar grísakótilettur í kassa

Spari-kassi

KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna

## Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Nasasalurinn fær ekki að standa, nema þú mótmælir

Skipulagsmál



Helgi Þorláksson
sagnfræðingur

30. júní sl. var í Fréttablaðinu fyrirsögnin „Nasa fær að standa áfram við Austurvöll“. Í undirfyrirsögn segir að samkvæmt vinningstillögu verði ekkert hús rifið. Þá var vísað í tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun í „Samkeppni um uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur“. Þetta er alrangt, hinn sögufrægi Nasasalur við Austurvöll fær ekki að standa og starfsemi sem fer fram í nýjum sal verður tengd hótelrekstri. Þeim sem vilja mótmæla niðurrifinu er bent á www.ekkihotel.is.

Í skýringum með umræddri tillögu segir m.a.:

*Ekki er talið raunsætt að vernda húshlutann sem hýsir skemmtistaðinn Nasa, samkvæmt tillögum er sá hluti fjarlægður og byggður upp aftur í breyttri mynd. Byggður verði nýr salur, eins konar kjallari – og hann byggður í mynd núverandi salar…* (Tekið upp úr texta á sýningu í Landsímahúsi við Kirkjustræti; hún var opnuð 29. júní sl. Leturbreytingar hér.).

Segir enn fremur að þennan nýja sal skuli nota fyrir fundi og ráðstefnur í tengslum við nýtt hótel. Má gera ráð fyrir að hugmyndir í þessari tillögu verði meginviðmiðun í meðförum arkitekta, skipulagsráðs í Reykjavík og skipulagsstjóra, nema fólk spyrni við fótum.

Þann 10. júlí var í Fréttablaðinu umfjöllun um málið og stendur þar í millifyrirsögn „Nasa haldi sér“. Er þá vísað til viðtals við annan tveggja höfunda tillögunnar sem hlaut fyrstu verðlaun og segir þar að komi til greina að nota í nýjum sal „einhverjar af sömu innréttingunum“ sem eru í núverandi sal. Arkitektinn segir enn fremur að gert sé ráð fyrir að hægt verði „að nota salinn fyrir tónleika- og skemmtanahald“. Þetta kemur ekki vel heim við það sem eigandi salarins segir í Morgunblaðinu 6. júlí sl. Í nýja salnum skuli vera skemmtanir og ráðstefnur í tengslum við hótelið sem reisa skal, segir hann. Sé hugsanlegt að þarna verði skemmtistaður en hann verði þá fyrst og fremst hluti af hótelrekstrinum. Eigandinn leggur áherslu á að Nasa hafi verið lokað fyrir fullt og allt. „Þetta verður ekki Nasa,“ segir hann, og nefnir ekki flutning gamalla innréttinga í nýja salinn.

Hér er verið að tala ýmist um Nasasalinn sjálfan, þ.e. salinn frá 1946, eða fyrirtækið sem rak starfsemi í salnum undir Nasanafninu. En hvort sem er, hvort tveggja er úr sögunni á þessum stað, verði hugmyndir eigandans að veruleika. Nasasalurinn verður þá rifinn og allt á huldu um hvort tónleikar og dans í kunnum stíl verði í hinum nýja sal. Ekki er að sjá að eigandinn hafi áhuga á slíku.

Sinnuleysi olli því að Naustið og Reykjavíkurapótek voru eyðilögð. Látum ekki Nasasalinn í Sjálfstæðishúsinu gamla verða slíkri eyðileggingu að bráð. Sættum okkur ekki við óljósar hugmyndir um að einhverjar innréttingar úr gamla salnum verði e.t.v. fluttar í hinn nýja. Öflug mótmæli á www.ekkihotel.is hafa áhrif á borgarfulltrúa og stuðla að friðun.

# Af hverju vita kortafyrirtækin hvar ég spila spil?

Viðskipti



Smári McCarthy
framkvæmdastjóri IMMI, alþjóðlegrar stofnunar um upplýsinga- og tjáningarfrelsi

Í svari Ögmundar Jónassonar til Pawels Bartoszek varðandi fjárhættuspil nýlega sagði Ögmundur að kortafyrirtækin telji sig geta staðhæft að heildarvelta Íslendinga í erlendri netspilun hafi verið um 1,5 milljarðar króna árið 2011.

Kortafyrirtækin eru, ólíkt öllum öðrum í samfélaginu, með mjög nákvæman og yfirgripsmikinn gagnagrunn yfir nánast öll viðskipti Íslendinga. Í flestum tilfellum vita þau nákvæmlega við hvaða verslun við áttum viðskipti og hvenær, og með ýmsum tölfræðilegum aðferðum mætti með smá vinnu draga ekki agalegar ályktanir um hvað var keypt.

Þau vita auk þess af því þegar teknir eru peningar út úr hraðbanka, og geta ályktað sterklega út frá því hversu mikil viðskipti eru stunduð utan rafræna hagkerfisins, þótt mögulegt sé að einhverjir taki enn þá út af bankabókum í sínum útibúum frekar en í hraðbönkum.

Það er sérkennilegt að innanríkisráðherra, sem fer meðal annars með persónuvernd sem málaflokk, sjái ekki ástæðu til að gagnrýna það sérstaklega að kortafyrirtækin telji sig geta staðhæft eitthvað um það í hvað Íslendingar eyða peningum. Þetta hefur margvíslegar afleiðingar í för með sér.

Fólk á réttmæta kröfu til leyndar þegar það stundar viðskipti. Þegar ég kaupi eitthvað úti í búð, hvort sem það er mjólk í kjörbúð, ruslfæði á veitingastað, föt á markaði eða leikföng í dótabúð (hvort heldur fullorðins eða barna!), þá er eðlilegt að það sé milli mín og sölumannsins. Það að allar upplýsingar um viðskiptin séu undantekningarlaust send þriðja aðila er óviðunandi. Auðvitað er það nauðsynlegt fyrir rafræn viðskipti að ákveðnar upplýsingar séu sendar. En þarf að búa til færslu sem segir hver hafi borgað hverjum og hversu mikið?

Þegar við verslum með peningaseðla er eingöngu skráð hvað var keypt og fyrir hvaða upphæð, nema sérstaklega sé óskað eftir nótu með kennitölu vegna virðisaukaskatts. Er nokkur ástæða fyrir því að þetta ætti að vera öðruvísi í tilfelli korta? Þegar korti er framvísað í verslun þarf að staðfesta að réttur aðili sé með kortið (sem er tilgangur undirskriftar eða PIN númers), að nægilegir peningar séu á kortinu (sem er tilgangur posans og innhringingarinnar til bakvinnslukerfisins), og það þarf að færa viðeigandi upphæð út af þeim bankareikningi sem kortið er tengt við yfir á reikning verslunarinnar (sem er tilgangur uppgjörsins í lok dags). Að lokum þarf verslunin að skrá hjá sér í sitt bókhald að viðskiptin hafi átt sér stað (vegna skatta).

Það sem þarf ekki að eiga sér stað er að kortafyrirtækið skrái hjá sér hver borgaði og hverjum var borgað. Kortafyrirtækið þarf ekki að vita hversu mikið var greitt. Og kortafyrirtækið þarf síður en svo að geyma þessar upplýsingar í heilt ár, hvað þá að stunda þess háttar greiningar á viðskiptunum að þeir geti staðhæft eitthvað um peningaveltu Íslendinga í erlendri netspilun, hvað þá annað.

Einhverjir spyrja þá um ábyrgð. Hver ber ábyrgð ef kort er misnotað, eða ef ofgreitt er fyrir vöru? Eitt sinn var það á ábyrgð fyrirtækja og viðskiptavina þeirra að tryggja að rétt viðskipti ættu sér stað.

Eðlilegast væri að það yrði aftur raunin, en ef upp kæmu deilur um hvort rétt hafi verið millifært þá yrði prentuð kvittun eða rafræn kvittun með stafrænni undirskrift látin gilda. Ef korti er stolið er það á ábyrgð eigandans að láta loka á það.

Raunar ættu kortafyrirtækin að firra sig ákveðinni ábyrgð þar með því að hætta að nota þessi fáránlegu kreditkortanúmer – stóra leyndarmálið sem er prentað og þrykkt framan á kortið. Enginn sem hefur hundsvit á upplýsingaöryggi myndi nokkurn tímann taka í mál að skrifa leyndarmálið sem gefur aðgang að peningunum í stórum skýrum stöfum framan á fyrirbærið sem þyrfti að vernda. Ég ætla að sleppa því að tala um hversu óöruggar segulrendur eru að sinni.

Gefum okkur samt það sem líklegast er, að engu af ofantöldu verði breytt á næstunni. Íslendingum finnst þægilegt að nota kortin sín og öllum er alveg sama um persónuvernd – enda höfum við aldrei þurft að fást af alvöru við þær ógnir sem skortur á persónuvernd hefur í för með sér. Í allra minnsta lagi ætti þá að gera athugasemd við það að kortafyrirtækin séu að greina viðskiptin að svo miklu leyti sem marka má af orðum Ögmundar. Það kemur ríkinu ekki við, hvað þá kortafyrirtækjunum, hvað fólk eyðir peningum sínum í.

Ríkið hefur vald til að krefjast þess að fólk greiði skatta, en meðan þeir eru greiddir hefur ríkið ekki vald til að skoða hvar við kaupum inn eða hvernig við eyðum okkar peningum, og slíkt vald á enginn að hafa.

# Að vakna sjaldnar vegna Sagapro

Heilbrigðismál



Ingvi Hrafn Jónsson
sjónvarpsstjóri ÍNN og hluthafi í SagaMedica

Sennilega eru sjö ár frá því að vinur minn, Þráinn Þorvaldsson, stakk að mér tveimur glösum af pillum, sem dr. Sigmundur Guðbjarnarson hafði sett saman úr ætihvönninni og kallaði Sagapro. „Taktu eina eða tvær á dag. Gæti gert þér gott,“ sagði Þráinn og kvaddi.

Það var svo sem ekkert að mér, en ég hugsaði með mér að eitthvað úr ætihvönninni, sem var mér svo kær af bökkum Laxár í Aðaldal, gæti bara verið til góðs.

Nokkrum dögum seinna, kannski viku til tíu dögum, vaknaði ég og leið svona rosalega vel, úthvíldur og bókstaflega dæsti af vellíðan. Spratt fram úr og gekk að störfum dagsins. Þessi morgunvellíðan hélt áfram næstu daga og konan mín var farin að velta fyrir sér hvað hefði eiginlega komið fyrir kallinn.

Rann svo allt í einu upp fyrir mér, að ástæðan fyrir þessu öllu var afar einföld, ég svaf nú allar nætur án þess að vakna 4-5 sinnum til að pissa. Hafði ekki gert mér grein fyrir því að það væri eitthvað óvenjulegt að vakna svo oft, hafði gert það frá miðjum sextugsaldri. Hafði aldrei hugsað út í að ég væri með stækkaðan blöðruhálskirtil, sem orsakaði þessi öru næturþvaglát.

Lífsgæðabatinn var hreint ótrúlegur og ég sagði frá þessu á Hrafnaþingi og fékk þá Þráin, dr. Sigmund og Sigurð Steinþórsson í viðtöl. Þeir voru afar varkárir, en höfðu fengið jákvæð viðbrögð frá mörgum. Þessi viðtöl vöktu mikla athygli, símtölin hreinlega helltust yfir mig frá körlum og ekki síður eiginkonum, sem höfðu eins og mín frú vaknað mörgum sinnum á nóttu vegna bröltsins í körlunum.

Ég hef verið iðinn við að útbreiða þetta Sagapro-fagnaðarerindi síðan og hef ekki tölu á þeim sem hafa þakkað fyrir og dásamað kjarkinn að tala um eitthvað „svo viðkvæmt“ eins og það að vera sípissandi allar nætur. Ég giska á að Sagapro hafi gert fjórum af hverjum fimm gott. En það vantaði sannanir fyrir virkni og loksins tókst að afla fjár, 30 milljóna króna, til að kosta faglegar klínískar rannsóknir og reyna að fá niðurstöðurnar birtar í vísindariti.

Tveggja ára spennuþrungin bið er á enda, rannsóknirnar staðfestu það sem ég og þúsundir annarra höfum vitað, Sagapro svínvirkar. Nú eru öflugir fjárfestar komnir að Sagamedica, tilbúnir að fjármagna útrás á vöru úr hreinni íslenskri náttúruauðlind, þróuð af einum fremsta vísindamanni eyjunnar bláu.

Stóru lyfjarisarnir hafa löngum stundað það að fá leigupenna til að níða skóinn af aðilum, sem hafa reynt að koma vörum á markað, sem gætu keppt við eitthvað sem þeir höfðu kannski eytt milljörðum í að þróa og markaðssetja. Nú veit ég ekkert um lyfjafræðinginn fúla sem rauk fram á ritvöllinn með fúkyrðaflaumi daginn eftir að góðu fréttirnar bárust. Vonandi var hann bara úrillur eftir margar pissuferðir þá nóttina. Ég ætla að senda honum tvo kassa af Sagapro, gætu gert honum gott.




Fjalakötturinn

Franskt gastro
sem kitlar bragðlaukana

**Fullt af allskonar**
Sex réttir af sérréttaseðli
kr. 7450

www.fjalakotturinn.is

Aðalstræti 16 | 101 Reykjavík | Sími 514 6060 | dining@hotelcentrum.is











## LITRÍKIR LEGGIR

**Skærir litir eru áberandi í sumar og í fyrsta skipti í lengri tíma virðast svartar, gráar og bláar buxur á undanhaldi. Víða má sjá rauðar, gular, grænar og ferskjulitaðar gallabuxur og jafnvel með blómamynstri.**


Frábært snið - nýr litur



teg 42027 - glæsilegur í nýjum lit í C, D, E skálum á kr. 5.500,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg



Íþróttastuðningshlífar
BAUERFEIND®

Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Meiri verðlækkun!
–40%
af öllum vörum

Glæsilegur þýskur og danskur kvenfatnaður í stærðum 36-52.
Vandaðir ítalskir og þýskir leðurskór í stærðum 36-42.

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 | laugardaga frá kl. 10-16




# MIKIÐ UM RÖNDÓTTA HLÝRABOLI

**FYLGIST VEL MEÐ** *Gissur Ari Kristinsson er 19 ára jafningjafræðari. Hann hefur brennandi áhuga á tísku og segist aðallega kaupa sér notuð föt.*

Gissur stundar nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð en í sumar starfar hann hjá jafningjafræðslu Hins hússins við að fræða unglinga á Seltjarnarnesi um áfengi, tóbak og eiturlyf og skaðleg áhrif þeirra. „Það hefur verið mjög gaman og gefandi að fá að vinna með krökkunum,“ segir Gissur.

Gissur er duglegur að kaupa sér föt, en þegar hann verslar hér á Íslandi gerir hann það yfirleitt í Spútnik. „Þar er hægt að finna ódýr og flott föt. Um daginn keypti ég mér til dæmis Ralph Lauren-skyrtu sem kostaði ekki neitt,“ segir Gissur þegar hann er spurður út í fatainnkaupin. Gissur pælir mikið í tísku og segir hann að röndóttir hlýrabolir hafi verið langmest áberandi í strákatískunni í sumar og sjálfur á hann nokkra þannig.

Stílnum hans má lýsa sem blöndu af hipster og hipphoppi enda á hann endalaust af derhúfum.

Um helgina ætlar Gissur annaðhvort að fara í útilegu eða kíkja út á land með fjölskyldunni. „Maður verður líka að eyða smá tíma með fjölskyldunni á sumrin,“ segir Gissur með bros á vör.

■ gunnhildur@365.is

**FLOTTUR FRÆÐARI**
Gissur segir að það sé gaman og gefandi að vera jafningjafræðari. Hann kaupir fötin sín aðallega í Spútnik.
MYND/EE


Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

NÝTT
BOSS
HUGO BOSS
home

Sængurver
Handklæði
Sloppar
Púðar

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00







# Í ANDA COCO CHANEL

*__KLASSÍK__ Nú þegar nær hundrað ár eru liðin frá því að fyrsta Chanel-tískubúðin opnaði sýndi aðalhönnuður fyrirtækisins, Karl Lagerfeld, sem er 78 ára, haust- og vetrartískuna fyrir 2012-13 á hátískuvikunni í París.*

Tískusérfræðingar töldu sig sjá hönnun Coco Chanel sem rauðan þráð í gegnum haustlínuna, enda skreyttu teikningar hennar sýningarsalinn. Það var eins og tíska hvers áratugar síðustu aldar vaknaði til lífsins aftur í nýjustu tísku. Sumir sáu klæðnað Jaqueline Kennedy í haust-tískunni en aðrir vildu meina að hin kvenlega lína sem einkenndi sjötta og sjöunda áratuginn kæmi vel í ljós í Chanel-kjólum og tweed-drögtum.

Karl Lagerfeld þykir ná mjög vel fram þeim stíl sem Coco Chanel lagði á sínum tíma en hann hefur stjórnað tískuhúsinu frá árinu 1983.

Coco Chanel varð löggiltur hatta-framleiðandi árið 1910 og opnaði sína fyrstu verslun sem seldi einungis hatta. Árið 1913 opnaði hún síðan verslun með fatnað sem varð upphafið að þekktasta tískuhúsi heimsins. Allir kannast við ilminn Chanel nr. 5 sem kom á markað árið 1922 en Chanel er ekki síður fræg fyrir tímalausa hönnun og „litla svarta kjólinn".

Coco Chanel var í hópi 100 áhrifa-mestu manneskja í heiminum á síðustu öld samkvæmt Time og eini hönnuður-inn sem komst á þann lista. Gabrielle „Coco" Bonheur Chanel fæddist árið 1883 en hún lést árið 1971. Hátísku-vikan í París vekur jafnan mikla athygli en hana sækir einungis ríka og fræga fólkið.



**KVENLEG TÍSKA**
Haust- og vetrartískan frá Chanel-tískuhúsinu verður kvenleg og elegant. Innblástur frá tímum Coco Chanel, segja tískusérfræðingar.

## LÖNG SAGA

**ÁHRIFAMIKIL**
***Coco Chanel opnaði sína fyrstu tísku-verslun undir eigin nafni árið 1913. Hún hafði alla tíð mikil áhrif á tísku-heiminn og var val-in ein af eitt hundr-að áhrifamestu manneskjum í heim-inum á síðustu öld samkvæmt Time.***

# TILDURRÓFUR Á ÓLYMPÍULEIKUM

*Sérstakur þáttur í bresku gamanþáttaröðinni Absolutely Fabulous verður sýndur kvöldið fyrir opnunarhátíð Ólympíuleikanna, með Ólympíutískusniði.*

Breska gamanþáttaröðin Tildurrófur, eða Absolutely Fabulous, hóf göngu sína í Bretlandi árið 1992 og gekk í þrjú ár. Síðan hefur verið gerð bíómynd og nokkrir þættir aukalega í gegnum árin. Nú er væntanlegur sérstakur Ólympíuþáttur í til-efni leikanna í London. Þar munu tískutáknmyndirnar Kate Moss, David Gandy og Stella McCartney meðal annars koma fram.

Þættirnir fjalla um tvær háttsettar vinkonur í tískuheimi London. Þær eru bæði drykkfelldar og óreglusamar og verja fjármunum sínum að mestu leyti í ólifnað en einnig í að eltast við æskublómann með ýmsum ráðum. Með aðalhlutverk fara Joanna Lumley og Jennifer Saunders.

Ólympíuþátturinn verður sýndur á bresku sjón-varpsrásinni BBC1, kvöldið fyrir ólympíuleikana, þann 26. júlí, klukkan hálftíu að íslenskum tíma.

■ **halla@365.is**





ÚTSALA
Í FULLUM GANGI!
NÝ SENDING AF DRÖGTUM!
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



HÖFUM HÆKKAÐ Í 50%
50% afsláttur af sumarvörum og skóm
10% afsláttur af nýjum vörum
MOMO
Laugavegi 42
Sími: 5521818
Vertu vinur
MOMO Konur

Kjólar fyrir brúðkaupið og sumarveislunar
50% afsláttur af völdum kjólum

Full búð af nýjum vörum á útsölunni

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Vertu vinur

Útsalan
í fullum gangi
Flott föt fyrir flottar konur
st. 40 – 58

Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður aug-lýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýs-ingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


30%
40%
70%
ÚTSALA
20%
50%
60%
-40.000
Geymslupláss í botni
Svefnsófi 3 litir
Rauður, fjólublár og grár
Verð áður 129.900.-
útsöluverð
89.900.-
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
af sumarvöru
sumar leirtau
Stólar
Áður 17.900.-
nú
10.740.-
40%
skálar
Verð frá 714.-
Bambus diskamottur og löberar
3 FYRIR 2
Borð
Áður 29.900.-
nú
17.940.-
Borð
Áður 39.900.-
nú
23.940.-
Politrattansett
40%
30%
allar luktir
40%
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

## BÍLAR & FARATÆKI



Lexus IS-F 3/2008 ek.10þús. 425hö, 0-100 km/h 4.6sek, 8þrepa sjálfskipting, topplúga og fl. Rosaleg græja, Enginn skipti. Ásett verð 8.990.000.-

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

bilaborg.is
Sími 517-1111



DYNAMIC CHOPPERS Softail . Árgerð 2007, ekinn 3 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.133310. Uppl. síma 517-1111. Er á staðnum ásamt öllum upplýsingum.



TOYOTA Hiace 2wd 2wdi stuttur. Árgerð 2002, ekinn 120 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.190.000. Rnr.115564. Uppl síma 517-1111. Er á staðnum.



VICTORY Vegas 8-ball v06ab26ca. Árgerð 2006, ekinn 2 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.132798. Uppl. síma 517-1111. Ýmis skipti ath.



BMW M6. Árgerð 2007, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 13.900.000. Rnr.125316. Glæsilegur bíll. Skipti ath. Uppl. síma 517-1111.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



Nýr Ford F350 King Ranch 4x4, Dísel, Mjög vel útbúinn bíll, Eigum hús og bedslider á pallinn, 2 ára ábyrgð, Verð aðeins 10.990þús m/VSK, Er í salnum hjá okkur, komdu og skoðaðu, Sérpöntum allar gerðir bíla.

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00**
**http://www.isband.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Knaus Sudwind árg. 2004 markísa, sólarsella, sjónvarpsflatskjár, CD, grjótagrind, heitt vatn. Mjög vel með farið hýsi,verð 2490, TILBOÐ 2100 þús, raðn, 121172 sjón er sögurikari.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélasalan
577 4777



CITROEN C2 vtr. Árg 2005, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290. þús Rnr.105118.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

STÓRA BÍLASALAN



M.Benz C200 Kompressor Árgerð 2005, ekinn 47þ.km, ssk, umboðsbíll, einn eigandi! Toppbíll á staðnum! Verð 2.490.000kr. Raðnúmer 153356. Sjá nánar á www.stora.is



Audi A6 2.0T Árgerð 2008, ekinn 57þ. km, ssk, leður. Einn eigandi! Toppeintak á staðnum! Verð 4.690.000kr. Raðnúmer 153040. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



CHEVROLET Lacetti sport. Árgerð 2008, ekinn 55 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Rnr.1110501.



MERCEDES BENZ B 180 ngt metan/ bensín . Árgerð 2011, ekinn 8 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.100259.



VOLVO S60 turbo 20v. Árgerð 2006, ekinn 88 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.160085.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



Nýr GMC Sierra 3500 Denali 4x4, Dísel, Mjög vel útbúinn bíll, Eigum hús og bedslider á pallinn, 2 ára ábyrgð, Verð aðeins 11.690þús m/VSK, Er í salnum hjá okkur, komdu og skoðaðu, Sérpöntum allar gerðir bíla.

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00**
**http://www.isband.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



HYUNDAI I 30 classic. Árgerð 2010, ekinn 61 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790. Rnr.112564.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |
| LOL | kl. 8 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES | kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 8 | 2D | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN | kl. 10:20 | 3D | 10 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




**NÝR TÓNN** Oddur Guðmundsson, Dagur Sævarsson, Logi Höskuldsson og Bergur Andersen skipa rokksveitina Sudden Weather Change sem gefur út aðra breiðskífu sína á næstu dögum þar sem kveður við nýjan tón. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Breytt rokk úr Breiðholtinu frá fyrrum björtustu voninni

**Önnur breiðskífa Sudden Weather Change kemur út á miðvikudaginn og er margt spennandi í vændum hjá sveitinni sem ferðast vestur um haf með haustinu.**

„Jú, við höfum breyst,“ segir Logi Höskuldsson, hljómsveitarmeðlimur Sudden Weather Change, um aðra breiðskífu þeirra, Sculpture, sem kemur út 25. júlí, en þrjú ár eru frá útgáfu fyrri plötu hljómsveitarinnar. „Við stefnum núna meira að því sem okkur langar virkilega að gera en við kláruðum allir nám úr Listaháskólanum í myndlist og það hjálpaði okkur við að ná fókus í verkefninu.“

Upptökur fóru fram í Gróðurhúsinu og á óhefðbundnum stöðum í samstarfi við Ben Frost og Þorbjörn G. Kolbrúnarson. „Gróðurhúsið er rosa flott stúdíó í Breiðholti og mjög vel við hæfi þar sem við byrjuðum hljómsveitina í því hverfi en við vorum allir í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.“

Heimildarmynd um sveitina í leikstjórn Loga verður frumsýnd í Bíói Paradís 9. ágúst. „Þarna vorum við stjörnurnar,“ segir hann en hún sýnir hversdagslegt líf drengjanna árið 2010 þegar þeir voru bjartasta von Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Margt er á döfinni hjá drengjunum og spila þeir á laugardaginn á LungA á Seyðisfirði og halda hlustunarpartí í Netagerðinni 26. júlí. Einnig halda þeir vestur um haf í október. „Við erum að fara að spila á hátíð í Los Angeles,“ segir Logi spenntur og bætir við að möguleg tónleikaferð sé í smíðum.

Plötunni má hlaða niður á tónlistarveitunni Gogoyoko fyrir endanlega útgáfu hljómplötunnar.

hallfridur@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 19. júlí 2012**

### Sýningar

**17.00** Þórdís Árnadóttir myndlistakona opnar sýningu sína í versluninni Kirsuberjatréð, Vesturgötu 4. Á sýningunni eru akrílverk unnin á síðasta ári.

**17.00** Vængjasláttur, lokahátíð Listahópa Hins hússins, verður á göngugötunni á Laugavegi. Listahóparnir sýna þar brot af því besta frá starfi sumarsins og skemmta gestum og gangandi.

### Hátíðir

**10.00** Viðamikil dagskrá verður í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í tilefni af áttræðisafmælisdegi Errós. Aðgangur er ókeypis og standa hátíðarhöldin til klukkan 20.

### Tónleikar

**16.30** Hljómsveitin Þoka leikur fyrir gesti á næstu tónleikum í Pikknikktónleikaröð Norræna hússins. Frítt er á tónleikana sem haldnir eru í gróðurhúsi Norræna hússins.

**18.00** Í tilefni útgáfu fyrstu smáskífunnar af plötu Arnars Ástráðssonar, State of Mind, verða tónleikar í Kongó Shop í Netagerðinni Nýlendugötu 14. Fram koma söngkonurnar Erna Hrönn Ólafsdóttir og Hjálmfríður Þöll Friðriksdóttir, ásamt Arnari sjálfum. Boðið upp á léttar veitingar og aðgangur ókeypis.

**20.30** Styrktartónleikar fyrir Viðar Árnason, sem lamaðist í bílslysi fyrir allmörgum árum, verða á Hvíta Riddaranum í Mosfellsbæ. Meðal þeirra sem fram koma eru Egill Ólafsson, Diddý, Felix Bergsson og hljómsveitin Silfur. Miðaverð er kr. 2000 og rennur öll innkoma í sjóðinn hans.

**20.30** Dísella Lárusdóttir sópran og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari spila á Sumartónleikum Listasafns Sigurjóns. Miðaverð er kr. 2.000.

**21.30** Hljómsveitin Vigri heldur tónleika á Faktorý, en hún undirbýr nú Evróputúr sem verður farinn næsta haust. Kiriyama Family, Nóra og Samaris koma einnig fram. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og rennur öll innkoma í ferðasjóð hljómsveitarinnar.

### Uppákomur

**17.00** Lokahátíð Listahópa Hins hússins verður haldin á göngugötunni á Laugavegi.

### Dans

**20.00** Salsaiceland býður á ókeypis kennslukvöld í salsa á Thorvaldsen bar. Allir velkomnir.

### Tónlist

**12.00** Jón Bjarnason, organisti Skálholtsdómkirkju, spilar á Alþjóðlega orgelsumrinu í Hallgrímskirkju. Hann mun spila Bach, Mozart og Mendelssohn. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.00** Kristín Hrönn heldur tónleika á Café Rosenberg.

**21.00** Hljómsveitin Þausk spilar á Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Tríóið After Hours spilar á tónleikaröðinni Heitir fimmtudagar á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Þórdís Claessen áslättarleikari verður gestur Bítladrengjanna blíðu á tónleikum þeirra á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.30** Tónlistarmaðurinn Andri Ásgrímsson úr Náttfara mun spila á efri hæð Dillon. Aðgangur er ókeypis.

### Leiðsögn

**13.00** Boðið verður upp á leiðsögn á frönsku í fylgd Huldu Hlínar Magnúsdóttir, listfræðings og myndlistarmanns, um sýningar Listasafns Íslands.

### Markaðir

**17.00** Garmur Garmason, listhópur Hins hússins, selur hönnun sína fyrir utan verslun Rauða krossins á Laugavegi 12.

### Útivist

**20.00** Óttar Guðmundsson geðlæknir stýrir fróðlegri gönguferð um Þingvelli. Fjallað verður um sögupersónur Íslendingasagna út frá kenningum og aðferðum nútímageðlækninga.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS




FIMMTUDAGUR: RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ PRIVATE TERRITORY (EINKASVÆÐI) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR 18:00 ■ COOL CUTS: JAR CITY 20:00 ■ BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS) 22:00 ■ TÓNLEIKAR: SAMARIS OG ÚTIDÚR (FRÍTT INN) 21:30
TÓNLEIKAR Í KVÖLD KL. 21:30 - FRÍTT INN!
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.




Bruuns Bazaar | Hudson Shoes | J.Lindeberg | Matinique | Moma | Paul Smith
Royal Republic | Private Label | Tiger of Sweden

Kultur menn

Kringlunni | s.512 1710 | ntc.is | erum á facebook

# sport

sport@frettabladid.is



**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON** skoraði í gær sitt fyrsta mark fyrir enska úrvalsdeildarfélagið Tottenham Hotspur í 2-0 sigri á C-deildarliði Stevenage í æfingaleik í gær. Gylfi, sem kom inn á sem varamaður í hálfleik er staðan var markalaus, skoraði fyrsta mark leiksins níu mínútum síðar með hnitmiðuðu vinstri fótarskoti úr teignum.

## ÚRSLIT

### Pepsi-deild kvenna

**Stjarnan - Þór/KA 1-2**
0-1 Tahnai Annis (5.), 1-1 Harpa Þorsteinsdóttir (40.), 1-2 Sandra María Jessen (73.)

**KR - Selfoss 1-1**
1-0 Anna Garðarsdóttir (50.), 1-1 Katrín Ýr Friðgeirsdóttir (93.)

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þór/KA** | **10** | **8** | **1** | **1** | **28-10** | **25** |
| Breiðablik | 10 | 6 | 2 | 2 | 26-10 | 20 |
| **Stjarnan** | **10** | **6** | **2** | **2** | **27-12** | **20** |
| ÍBV | 10 | 6 | 1 | 3 | 26-14 | 19 |
| **Valur** | **10** | **5** | **1** | **4** | **22-12** | **16** |
| FH | 10 | 3 | 2 | 5 | 15-23 | 11 |
| **Fylkir** | **10** | **3** | **2** | **5** | **11-20** | **11** |
| Afturelding | 10 | 2 | 2 | 6 | 9-22 | 8 |
| **Selfoss** | **10** | **2** | **2** | **6** | **16-45** | **8** |
| KR | 10 | 0 | 3 | 7 | 9-21 | 3 |



**MARK** Þórsarar fögnuðu fimm sinnum gegn Bohemians í 1. umferð. MYND/AUÐUNN

Evrópudeildin í knattspyrnu:

## Þórsarar í Skoda-bænum

**FÓTBOLTI** Þór sækir Mladá Boleslav heim í samnefndan bæ í Tékklandi. Um er að ræða fyrri viðureign liðanna í 2. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í knattspyrnu.

„Aðstæður eru mjög fínar. Þetta er flottur fimm þúsund manna völlur í miðju Skoda-verksmiðjuhverfinu. Liðið er styrkt af Skoda og það eru Skoda-bifreiðar úti um allt,“ segir Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs.

Páll Viðar segir markmiðið að ná eins góðum úrslitum og mögulegt er til að fá alvöruleik á Þórsvelli eftir viku. Allir leikmenn Þórs eru heilir og klárir í slaginn.

„Við leggjumst, berjumst og fórnum okkur hver fyrir annan. Svo reynum við að nýta þessar fáu sóknir sem við eflaust komum til með að fá.“ **-ktd**



**BARÁTTA Í HÁLOFTUNUM** Arna Sif Ásgrímsdóttir og Þórhildur Ólafsdóttir í liði Þór/KA í skallaeinvígi gegn Stjörnustúlkunni Önnu Kristjánsdóttur. Anna stökk hæst en norðanstúlkur hrósuðu mikilvægum sigri og hafa gott forskot á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÞÓR/KA STAL STIGUNUM

**Þór/KA er komið með fimm stiga forystu á toppi Pepsi-deildar kvenna eftir 2-1 sigur á Stjörnunni sem hafði yfirburði í leiknum en nýtti ekki færin sín. Norðankonur hafa fimm stiga forskot á Breiðablik og Stjörnuna í toppsætinu.**

**FÓTBOLTI** Þór/KA gerði góða ferð í Garðabæinn þegar liðið stal 2-1 sigri á Íslandsmeisturum Stjörnunnar í gær í tíundu umferð Pepsi-deildar kvenna.

Þór/KA komst yfir strax á 5. mínútu með skallamarki Tahnai Annis eftir sendingu Söndru Maríu Jessen. Sandra María Jessen lagði einnig upp hitt færi gestanna í fyrri hálfleik strax mínútu síðar en hún tryggði Þór/KA sigurinn með síðasta marki leiksins á 73. mínútu, úr þriðja og síðasta færi Þór/KA í leiknum.

Á milli marka Þórs/KA var leikurinn eign heimaliðsins en Harpa Þorsteinsdóttir jafnaði leikinn fimm mínútum fyrir hálfleik. Stjarnan fékk fjölda annarra færa en Þór/KA refsaði Stjörnunni grimmilega fyrir að nýta ekki færin.

„Við höfum verið að spila mjög vel í síðustu leikjum en seinna markið sló okkur út af laginu og við vorum ekki mjög beinskeyttar eftir það. Fram að því vorum við með mikla yfirburði á vellinum,“ sagði Þorlákur Árnason þjálfari Stjörnunnar í leikslok.

Jóhann Kristinn Gunnarsson þjálfari Þórs/KA tók undir með Þorláki en hrósaði sínu liði jafnframt fyrir vinnusemi og dugnað.

„Fótbolti er ekki sanngjarn og þetta var ekki sanngjarnt en það er mikilvægt að koma því að, að stelpurnar mínar áttu skilið að fá eitthvað út úr þessu miðað við baráttuna sem þær lögðu í þetta. Að því leyti er þetta í báðar áttir en Stjarnan var með yfirburði á vellinum, það sjá allir,“ sagði Jóhann eftir leikinn en lið hans er nú með fimm stiga forystu á toppi deildarinnar þegar átta umferðir eru eftir.

„Við ætlum að vera í toppbaráttu. Mér finnst þessi sigur hér vera góð vísbending um að það sé mikill karakter í hópnum mínum þó hann sé með ofboðslega lágan meðalaldur,“ sagði Jóhann sem vill geyma allt tal um Íslandsmeistaratitil þar til síðar.

Sandra María Jessen, besti leikmaður fyrri hluta Íslandsmótsins, skoraði sitt ellefta mark í deildinni og er markahæst. Næst á eftir henni kemur Harpa Þorsteinsdóttir í Stjörnunni en markið í gær var hennar níunda í sumar. **-gmi**



**FAGNAÐ** FH-ingar fagna marki gegn Eschen/Mauren í 1. umferð keppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Evrópudeildin í fótbolta:

## FH sækir AIK heim í Solna

**FÓTBOLTI** FH-ingar mæta sænska liðinu AIK í Solna í Svíþjóð í 2. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í dag. Um er að ræða fyrri viðureign liðanna en landsliðsmaðurinn Helgi Valur Daníelsson leikur með sænska liðinu.

„Þetta er flott og allar aðstæður til fyrirmyndar. AIK er vel skipulagt og með hættulega menn frammi. Þetta er verðugt verkefni fyrir FH,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH-inga, í samtali við Fréttablaðið að lokinni æfingu liðsins á Råsunda-leikvanginum í gær.

Heimir segir lið sitt leggja áherslu á varnarleik en þó þýði ekki að liggja í vörn í 90 mínútur.

„Við þurfum að stríða þeim sóknarlega líka. Við höfum öfluga menn í sóknarlínunni og eigum að geta strítt þeim þar,“ sagði Heimir sem var í liði KR sem féll úr keppni samanlagt 2-1 gegn AIK í Evrópukeppni bikarhafa árið 1996. Þá mættu ÍBV og Fylkir sænska liðinu árið 2002 og 2003 en féllu bæði úr keppni.

Allir leikmenn FH eru klárir í slaginn að meðtöldum Frey Bjarnasyni sem meiddist í deildarleik gegn Val á sunnudag. Freyr æfði með FH-ingum í gær og verður að óbreyttu í byrjunarliði Hafnfirðinga.

Leikir FH og Þórs hefjast klukkan 17 að íslenskum tíma og verður fylgst með gangi mála á Vísi. **-ktd**




SUMAR ÚTSALA
20-70%
VERÐ FRÁ 149.000 KR!
GARÐHÚS Á ÚTSÖLUVERÐI
30%-70% AFSLÁTTUR
SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR
Tilvalið í sumarhúsalandið og skógræktina!
Birki, bakkaplöntur, 40 stk.
Verð áður: 4.999 kr.
Nú: 3.490 kr.
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
ATH! FRAMLENGJUM PALLADAGA
5%-20% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
SANDKASSI MEÐ LOKI
Verð áður: 12.990 kr.
Nú: 9.740 kr.
20%-70% AFSLÁTTUR
FJÖLÆRINGAR
GRÓÐURMOLD
Mold 50 ltr
Jongkind.
Góð gróðurmold!
Verð áður: 1.699 kr.
Nú: 1.199 kr.
JONGKIND GROND
AALSMEER
BENSÍN OG RAFMAGNS SLÁTTUVÉLAR
20% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
SKJÓLGIRÐINGAR
Verð áður: 15.390 kr.
Nú: 11.540 kr.
20%-40% AFSLÁTTUR
GARÐHÚSGÖGN
Tonga garðstóll, staflanlegur.
Verð áður: 12.490 kr.
Nú: 9.990 kr.
Verð áður: 5.499 kr.
Nú: 4.399 kr.
Hjólbörur, 80 ltr.
ÚÐARAR OG SLÖNGUR, 20% AFSLÁTTUR!
Claber slönguhjól.
Verð áður: 5.895 kr.
Nú: 4.690 kr.
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
LÆGSTA LÁGA VERÐ
Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
Gildir til 29. júlí eða á meðan birgðir endast. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**1 HÖGG** þurfti Leynismaðurinn Bjarni Guðmundsson til að koma boltanum ofan í á 18. holunni á Garðavelli í fyrradag.



**KÚLAN** Svona líta kúlurnar út sem Hótel Saga hefur dreift á golfvöllum um allt land.

Hótel Saga fagnar afmæli:

## Vinningar fyrir að finna kúlur

**Í tilefni af 50 ára afmæli Hótel Sögu hafa forsvarsmenn hótelsins komið fyrir sérmerktum golfboltum á golfvöllum um allt land. Heppnir kylfingar sem finna golfbolta frá hótelinu eiga von á ýmsum vinningum frá hótelinu, þar á meðal rómantískum pakka á hótelinu, út að borða í Grillinu, brunch í Skrúð og mörgu fleira.**

**Þeir sem finna bolta þurfa að hafa samband við hótelið og framvísa golfboltanum gegn gjafabréfi. Gjafabréfið gildir út afmælisárið 2012.**



**STEFÁN MÁR STEFÁNSSON** Hann náði tólfta sæti á Bad Waldsee Classic-mótinu í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gera það gott í Þýskalandi:

## Stefán Már náði tólfta sæti

Stefán Már Stefánsson úr Golfklúbbi Reykjavíkur varð í 12. sæti á Bad Waldsee Classic-mótinu sem lauk í gærmorgun á þýsku EPD-mótaröðinni. Stefán lék lokahringinn á 69 höggum eða þremur höggum undir pari. Þetta kemur fram á Kylfingi.is.

Stefán byrjaði mjög vel í gær og var kominn fjórum höggum undir par eftir aðeins fimm holur. Stefán fær um 90 þúsund krónur í verðlaunafé fyrir árangurinn í mótinu.

Þórður Rafn Gissurarson úr GR fann sig ekki á lokahringnum og lék á 82 höggum eða tíu höggum yfir pari. Hann lauk leik í 45. sæti.



**Í GOLFI** Mikil sprenging hefur orðið í golfiðkun hjá ungu fólki á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Biðlistar á Íslandsmóti unglinga

**Tugir unglinga eru á biðlista eftir að komast að á Íslandsmótinu í höggleik sem hefst á Kiðjabergsvelli á morgun. Töluverðrar gremju hefur gætt innan golfhreyfingarinnar vegna þessa.**



STEFÁN GARÐARSSON



ÚLFAR JÓNSSON

„Þetta vandamál, af þessari stærðargráðu, er nýtilkomið. Í fyrra gátum við hleypt nánast öllum inn en þá munaði fimm til tíu keppendum í flokkunum. Í ár eru svo margir skráðir að eðli málsins samkvæmt getum við ekki hleypt þeim öllum á völlinn,“ segir Stefán Garðarsson, sem situr í mótastjórn Golfsambands Íslands (GSÍ). „Það er hundfúlt að það komist ekki allir að en við reynum að fylla flokkana eins og hægt er.“

Alls eru 144 keppendur skráðir til leiks á Íslandsmót unglinga í höggleik sem hefst á Kiðjabergi á morgun. Leikið er á einum velli yfir eina helgi, í þremur flokkum hjá báðum kynjum, fjórtán ára og yngri, fimmtán til sextán ára og sautján til átján ára. Svo mikil ásókn hefur verið í mótið að tugir unglinga eru á biðlista, sautján drengir í flokki fjórtán ára og yngri og þrettán drengir í flokki fimmtán til sextán ára.

„Það hafa nokkrir spurt af hverju við breyttum ekki fyrirkomulaginu í síðustu viku en því miður vinnst það ekki þannig. Við förum ekki á hvaða golfvöll sem er með Íslandsmótið, það er gríðarlegur fjöldi sjálfboðaliða sem starfar við mótið, það er langur undirbúningur sem fer í það, það þarf að vera laus völlur og svo framvegis. Það er í mörg horn að líta,“ segir Stefán.

Að sögn Stefáns hefur komið til tals innan mótastjórnar að breyta fyrirkomulaginu á Íslandsmótinu og spila til dæmis á tveimur völlum, án þess þó að sú hugmynd hafi verið útfærð nánar.

„Ég ítreka að þetta er nýtilkomið lúxusvandamál í þessum stærðarflokki. Við erum með aðra mótaröð, áskorendamótaröð Arion banka, sem er fyrir þá sem komast ekki að vegna fjölda- eða forgjafartakmarkana. Í upphafi voru 15-30 keppendur í henni en nú er svo komið að þeir eru vel yfir 120 og þar hafi allir komist að.“

**30** unglingar eru á biðlista eftir að komast á Íslandsmótið í höggleik.

Úlfar Jónsson er landsliðsþjálfari í golfi en hann fer einnig fyrir afreksstefnu GSÍ. Hann tekur undir með Stefáni.

„Við sáum ekki fyrir að þessi mikla sprenging yrði í sumar en ég lít þetta vandamál jákvæðum augum.

Það sýnir hvað áhuginn á íþróttinni er orðinn mikill og hvað klúbbarnir hafa verið að vinna gott barna- og unglingastarf,“ segir landsliðsþjálfarinn.

kristjan@frettabladid.is


USB 3 FLAKKARI

Seagate GoFlex USB 3

Kemur með tengivöggu sem auðveldar afritun og eykur flutningshraða. Sjálfvirk og tímastillt afritun með afritunarhugbúnaði sem fylgir. FireWire tengivagga einnig fáanleg.

2TB 24.990

3TB 34.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Seagate

tl.is TÖLVU LISTINN

SUÐURLANDSBRAUT 26, REYKJAVÍK - GLERÁRGÖTU 30, AKUREYRI - KAUPVANGI 6, EGILSSTÖÐUM - KEFLAVÍK AUSTURVEGI 34, SELFOSSI - REYKJAVÍKURVEGI 66, HAFNARFIRÐI

# SVEFNSÓFAR

frábær tilboð dagana 19.- 25. júlí

HÚSGAGNAHÖLLIN

NÝ SENDING AF SVEFN-SÓFUM. FRÁBÆRT ÚRVAL



20% AFSLÁTTUR

143.990

FULLT VERÐ: 179.990

**MELBOURNE** svefnsófi. B:242 D:91/168 H:85.
Dýna: 147x200 cm. Dökkgrátt áklæði.



20% AFSLÁTTUR

143.990

FULLT VERÐ: 179.990

**MELBOURNE** svefnsófi. B:242 D:91/168 H:85.
Dýna: 147x200 cm. Grátt áklæði.



10% AFSLÁTTUR

116.990

FULLT VERÐ: 129.990

**ALICIA** svefnsófi. Limegrænt áklæði. B:157 D:85 H:90 cm.
Dýna: 130x200 cm.



10% AFSLÁTTUR

116.990

FULLT VERÐ: 129.990

**ALICIA** svefnsófi. Rautt áklæði. B:157 D:85 H:90 cm.
Dýna: 130x200 cm.



10% AFSLÁTTUR

116.990

FULLT VERÐ: 129.990

**ALICIA** svefnsófi. Dökkgrátt áklæði. B:157 D:85 H:90 cm.
Dýna: 130x200 cm.



10% AFSLÁTTUR

116.990

FULLT VERÐ: 129.990

**ALICIA** svefnsófi. Blómaáklæði. B:157 D:85 H:90.
Dýna: 130X200 cm.



10% AFSLÁTTUR

116.990

FULLT VERÐ: 129.990

**ALICIA** svefnsófi. Svart áklæði. B:157 D:85 H:90 cm.
Dýna: 130x200 cm.



10% AFSLÁTTUR

116.990

FULLT VERÐ: 129.990

**ALICIA** svefnsófi. Grátt áklæði. B:157 D:85 H:90 cm.
Dýna: 130x200 cm.

NÝ SENDING AF GLÆSILEGUM HANDUNNUM VÖRUM FRÁ SKOVBY KOMIN Í HÚS.



BORÐ
349.990

STÓLL
59.990

**SKOVBY** borðstofuborð.
Fæst olíuborið eða hvíttað.
L:190 B:110 H:74 cm.

**SKOVBY** borðstofustóll.
B:51 D:50 H:46/75 cm.



119.990

**CLEVELAND** 3 sæta sófi. Svart áklæði. B:210 D:88 H:62/75 cm.
Fæst einnig 2 sæta. B:180 D:88 H:62/75 cm. **109.990**



169.990

**VENTO** 3 sæta sófi. Svart áklæði, sápuborin eik. B:190 D:80 H:77 cm.
Fæst einnig 2 sæta. B:138 D:80 H:77 cm. **139.990**

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 **SUNNUDAGA LOKAÐ.**

> **Stöð 2 kl. 20.50**
> **The Closer**

***Kyra Sedgwick leikur hörkukvendið Brendu Johnson í sakamálaseríunni The Closer á Stöð 2. Í þættinum í kvöld rannsakar Brenda morð á skólastjóra og málið flækist þegar í ljós kemur að rannsóknin tengist máli sem alríkislögreglan, FBI, er að rannsaka.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR VELTIR VÖNGUM

# *Af framkvæmdum annarra*



Gulli byggir er aftur á skjánum í sumar mér til skemmtunar. Gunnlaugur Helgason, umsjónarmaður þáttarins, fer víðar en í fyrra þegar hann tók kjallaraíbúð í Vesturbænum í gegn. Nú er hann að laga félagsmiðstöð og taka hús í gegn svo eitthvað sé nefnt.

Ég hef mjög gaman að því að fylgjast með þessum framkvæmdum, fyrir mér er það sem töfrabrögð þegar fólk tekur upp verkfærin og fer að breyta, bæta og búa til hluti. Gulli gerði sér til að mynda lítið fyrir og smíðaði stiga í síðasta þætti, nokkuð sem mér þótti jaðra við snilld. Ég fékk reyndar litlar undirtektir við þá fullyrðingu á heimilinu, en þar sem það vex mér í augum að gera einföldustu hluti þar sem verkkunnáttu er þörf þá þykir mér stigasmíð mikið undur.

Ég er miklu betri í því að sjá út hvað mætti betur fara en að laga það, veit hvernig ég gæti gert heimilið fallegra með hillu hér og málningarslettu þar. En þegar kemur að framkvæmdahliðinni strandar allt. Það er einhvern veginn þægilegra og einfaldara að fletta bara heimilisblöðum, skoða smart netsíður, nú eða fylgjast með framkvæmdum annarra undir styrkri stjórn Gulla Helga.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Ljóðabókin syngur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Matartíminn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Þrítugasta kynslóðin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða - nútímaborgir **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (Army Wives)
**17.18 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.29 Geymslan**
**17.53 Múmínálfarnir**
**18.02 Lóa**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hvolpalíf**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Gómsæta Ísland** (3:6) (Delicious Iceland) Matreiðsluþáttaröð í umsjón Völundar Snæs Völundarsonar.
**20.05 Flikk - flakk** (3:4) Á aðeins tveimur dögum ráðast íbúar Vestmannaeyja og Hornafjarðar í umfangsmiklar framkvæmdir í samstarfi við færustu hönnuði landsins. Einnig er boðið í matarveislur og listamenn bæjarins með tónlist og ýmsum uppákomum.
**20.55 Líf vina vorra** (3:10) (Våra vänners liv) Sænskur myndaflokkur um fjóra vini og dramatíkina í einkalífi þeirra.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (136:138) (Criminal Minds VI) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Loforðið** (3:4) (The Promise) (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Daddy's Little Girls**
**10.00 The Astronaut Farmer**
**12.00 Kalli á þakinu**
**14.00 Daddy's Little Girls**
**16.00 The Astronaut Farmer**
**18.00 Kalli á þakinu**
**20.00 The Ugly Truth**
**22.00 Kick Ass**
**00.00 Deal**
**02.00 Even Money**
**04.00 Kick Ass**
**06.00 I Love You Phillip Morris**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.45 Malcolm in the Middle** (14:16)
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (103:175)
**10.15 Lie to Me** (10:22)
**11.05 Extreme Makeover: Home Edition** (12:25)
**11.50 Glee** (12:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Flying By** Ljúfsár fjölskyldumynd um ráðsettan mann sem tekur upp þráðinn með gömlu hljómsveitinni sinni en það skapar álag á fjölskylduna.
**14.40 Smallville** (11:22)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (22:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Simpson-fjölskyldan**
**19.40 Arrested Development 3** (1:13)
**20.05 Masterchef USA** (9:20)
**20.50 The Closer** (11:21) Sjöunda þáttaröðin um líf og starf morðrannsóknardeildar hjá lögreglunni í Los Angeles. Þar fer Brenda Johnson með völd, en hún býr yfir einstakri næmni og hæfileika til að skyggnast inn í líf fórnarlamba sem og grunaðra.
**21.35 Fringe** (5:22) Olivia Dunham er sérfræðingur FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Henni til aðstoðar er umdeildi vísindamaðurinn Dr. Walter Bishop og sonur hans Peter.
**22.20 Rescue Me** (22:22)
**23.05 Dallas** (5:10)
**23.50 Rizzoli & Isles** (5:15)
**00.35 The Killing** (10:13)
**01.20 Treme** (2:10)
**02.20 Annihilation Earth** Spennumynd um tvo vísindamenn sem verða að bjarga jörðinni þegar hryðjuverkamenn ógna öllu lífi.
**03.45 Flying By**
**05.20 Friends** (22:24)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi-deild kvk: Stjarnan - Þór/KA**
**17.10 Pepsi-deild kvk: Stjarnan - Þór/KA**
**19.00 Tvöfaldur skolli** Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina.
**20.00 Símamótið** Sýnt frá Símamótinu í Kópavogi þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru stelpur í 5., 6. og 7. flokki sem keppa á Símamótinu og sýna snilldartilþrif.
**20.50 Michelle Wie á heimaslóðum** Skemmtilegur þáttur þar sem David Feherty heimsækir Michelle Wie og tekur við hana einlægt viðtal á heimaslóðum.
**21.35 Enski deildarbikarinn: Man. Utd. - Crystal Palace**
**23.55 Pepsi mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Fulham - Man. City**
**19.40 PL Classic Matches: Newcastle - Liverpool, 1998**
**20.10 Premier League World 2012/13**
**20.40 Chelsea - Wolves**
**22.25 Season Highlights 2007/2008**
**23.20 Arsenal - Man. Utd.**

## EXTRA

**19.55 The Doctors** (161:175)
**20.35 In Treatment** (63:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 New Girl** (23:24)
**22.15 2 Broke Girls** (11:24)
**22.40 Drop Dead Diva** (7:13)
**23.25 Gossip Girl** (23:24)
**00.10 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (7:7)
**01.10 In Treatment** (63:78)
**01.35 The Doctors** (161:175)
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.25 The Biggest Loser** (10:20) (e)
**16.45 Being Erica** (11:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 The Firm** (21:22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (21:48) (e)
**19.30 30 Rock** (19:23) (e)
**19.55 Will & Grace** (27:27) (e)
**20.20 Happy Endings** (4:13) (e) Foreldrar Max eru í heimsókn og reynir vinahópurinn að sannfæra hann um segja foreldrum sínum að hann sé samkynhneigður.
**20.45 Rules of Engagement** (1:15) Hjónaband Russel og Liz er í molum og Russel er komin með nóg en Liz þrjóskast við að bjarga því. Audrey og Jeff prófa klúrt tal í svefnherberginu eftir að hafa heyrt að það kveiki sjóðheitan neista í samböndum.
**21.10 Vexed** (1:3) Breskir sakamálaþættir sem fjalla um rannsóknarlögreglumennina Kate og Jack. Þrjár einhleypar konur eru myrtar að því er virðist af handahófi en við nánari skoðun kemur í ljós að kreditkortanotkun þeirra var keimlík.
**22.00 The River** (5:8) Hrollvekjandi þáttaröð um hóp fólks sem lendir í yfirnáttúrulegum aðstæðum í Amazon. Magus-skipið strandar og annað skip kemur til hjálpar, en áhöfn þess skips er mun hættulegri en hún lítur út fyrir.
**22.50 Jimmy Kimmel**
**23.35 Law & Order: Criminal Intent** (7:16) (e)
**00.20 Unforgettable** (13:22) (e)
**01.10 Camelot** (6:10) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **08.00** Opna breska meistaramótið 2012 (1:4) **19.00** Opna breska meistaramótið 2012 (1:4) **02.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.30** Keeping Up Appearances **07.30** My Family **08.30** New Tricks **10.10** Deal or No Deal **10.50** EastEnders **11.20** Extreme Makeover: Home Edition **12.00** QI **13.00** Keeping Up Appearances **13.55** My Family **14.55** The Graham Norton Show **15.40** QI **16.40** Extreme Makeover: Home Edition **17.20** The Graham Norton Show **18.05** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** Rev **20.30** Twenty Twelve **21.00** The Graham Norton Show **21.50** Live at the Apollo **22.29** The Best of Top Gear **23.20** Rev **23.50** Twenty Twelve

## DR 1

**11.05** Søren Ryge direkte **11.35** Aftenshowet **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies Storbritannien **14.00** Professor Balthazar **14.10** Olivia **14.20** Timmy-tid **14.30** Landet for længe siden **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Håndbold **16.40** TV Avisen med Sport **16.50** Håndbold **17.50** Håndbold **18.40** TV Avisen **18.50** Håndbold **19.30** Sommervejret **19.35** Aftentour 2012 **20.00** Emils damer **20.30** Ægte mennesker **21.30** Lulu og Leon **22.10** Damages

## NRK 1

**12.00** Teenage Boss **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Matador **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommeråpent **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Tegnspråknytt **16.10** Koht på jobben **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Med elg i linsen og rev bak øret **18.25** Nedtelling til OL **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Skishow på sommerføre **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Tinas sommerkjøkken **22.50** På vei til Sel

## svt1

**12.40** Carrie Fisher, stjärnan som krigade **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flickan från stålverket **15.10** Det ljuva livet i Alaska **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Minnenas television **17.15** Kronprinsessan Victorias fond **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Här är ditt kylskåp **18.30** Mitt i naturen Australien **19.00** Schmokk **20.00** Barnläkarna **21.00** Rapport **21.05** OS-krönika **22.50** Gravid i höga klackar **23.35** Rapport **23.40** Nordkalotten 365

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista
**21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# FORD **MONDEO** Trend **frá 3.990.000 kr.**
# FORD **MONDEO** Titanium **frá 4.310.000 kr.**

Nú fæst Ford Mondeo á frábæru verði. Kauptu í dag Ford Mondeo. Hann er rúmgóður, ríkulega útbúinn, bensín eða dísil og fæst bæði sjálfskiptur og beinskiptur. Veldu sparneytinn Ford Mondeo. Hagkvæmur í rekstri. Ávalar og fallegar línur. Grípandi hönnun. Framúrskarandi akstursеiginleikar. Lipur, þægilegur og sparneytinn. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **MONDEO** TREND
FRÁ
**29.191 kr./mán.***

* Ford Mondeo Trend 5 dyra 1,6TDCi dísil, 115 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 2.300.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,73%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

SUMARFRÍIÐ



*„Ég ætla að einbeita mér að því að verða ekki geðveik, bíðandi eftir ófæddu barni mínu. Ég er dugleg að hitta vini í bústöðum um allt land og ég fer með dóttur mína í sund daglega.“*

Edda Blöndal, sjúkraþjálfari og framkvæmdastjóri Salsa Iceland.

# Siggi Hlö þeytir skífum á Sardiníu

„Maður er bara heimsfrægur, það er bara svoleiðis,“ segir plötusnúðurinn Siggi Hlö sem er staddur á Sardiníu á Ítalíu þar sem hann þeytir skífum í brúðkaupi næstkomandi laugardag.

Það er nýsjálenskt par sem gengur í það heilaga á eyjunni fögru og lét það fljúga með Sigga út til að spila í partýinu. „Þau þekkja aðeins til á Íslandi og vildu bara fá þann besta í málið, þau treystu engum öðrum í þetta,“ segir hann. Eiginkona Sigga fékk að fljóta með og ákváðu þau að gera sér vikulanga ferð úr þessu og þannig fara í sumarfrí í leiðinni. Brúðkaupið fer fram utandyra á ströndinni og verður veislan þar rétt hjá. „Ég fór og kíkti á aðstæður áðan. Það er búið að setja upp fínt dansgólf og þetta lítur allt voða vel út. Ég er bara að fara að spila þarna á ströndinni, það er spennandi,“ segir hann.

Siggi segir ekki miklar líkur á því að hann spili mörg íslensk lög í veislunni þó hann hafi tekið með sér disk með Páli Óskari og Milljónamæringunum. „Það er smá mambófílingur í honum svo það er aldrei að vita nema maður kynni veislugesti fyrir þeim. Annars geri ég þetta bara eins og venjulega og reyni að lesa hópinn og láta hann leiða mig áfram,“ segir hann. Spurður hvort hann hafi áður spilað við svipaðar aðstæður neitar hann því. „Þetta er alveg toppurinn.“ **- trs**



**BESTUR Í BRANSANUM** Siggi segir parið þekkja til á Íslandi og ekki hafa treyst neinum öðrum en honum til að halda uppi stuðinu í brúðkaupspartýinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Hjartastuðtæki – vertu viðbúinn

Íslenskt tal leiðbeinir notanda um allar aðgerðir

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastuðtækjum frá Donnu.

Samaritan PAD hjartastuðtæki kosta aðeins frá kr. 199.600 m/vsk.

Donna

Sími 555 3100

Sýnikennsla á www.donna.is




**FRÆGUR Á FACEBOOK** John Harmon Grant (t.h.) hefur lent í ýmsum uppákomum eftir að bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant (t.v.) flutti til landsins. Vinir hans og vandamenn hafa gert óspart grín að þessu og hann hefur fengið skilaboð og vinabeiðnir á Facebook, ætlaðar þekkta söngvaranum. SAMSETT MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

JOHN HARMON GRANT: FÉKK SKRILLJÓN VINABEIÐNIR Á FACEBOOK

# Hálfíslenskur John Grant fær þakkir fyrir að vera til

„Þetta er búið að vera mjög gaman, allavega upp á síðkastið,“ segir hinn hálfíslenski John Harmon Grant um þá upplifun sína að bera sama nafn og tónlistarmaðurinn þekkti John Grant, sem hefur verið búsettur hér undanfarna mánuði og er mörgum kunnugur.

Mikið hefur verið fjallað um Íslandsdvöl hans í fjölmiðlum en fæstir vita að frægi söngvarinn á nafna hér á landi. Vinir og vandamenn Johns Harmons Grants, kerfisfræðings hjá Þjóðskrá Íslands, hafa gert að gamni sínu vegna málsins og margir hafa tekið hann í misgripum fyrir tónlistarmanninn á samskiptasíðunni Facebook.

„Ég gerði smá grín að þessu þegar hann flutti fyrst til landsins. Þá breytti ég um forsíðumynd á Facebook og setti mynd af honum og fékk skrilljón vinabeiðnir,“ segir hann en á tveimur dögum fékk hann rúmlega hundrað vinabeiðnir vegna uppátækisins. „Það voru hinir og þessir sem eru svolítið stórir á Íslandi að reyna að bæta mér við,“ svarar hann. Þrátt fyrir að hafa breytt um mynd bíða hans oft skilaboð. „Þau er aðallega fyrir að vera til, halda góða tónleika og vera frábær tónlistarmaður,“ segir hann.

Báðir eru nafnarnir fæddir í í Colorado-fylki í Bandaríkjunum. John Grant er frá Denver og John Harmon Grant frá Colorado Springs en milli staðanna er rúmlega eins og hálfs tíma aksturs-fjarlægð. Hinn síðarnefndi hefur þó búið töluvert lengur á landinu eða að mestu undanfarin 22 ár og á íslenska móður.

John Grant hélt tónleika á Iceland Airwaves-hátíðinni í haust og heillaðist svo af landi og þjóð að hann flutti hingað og vinnur nú að nýrri plötu sem Biggi Veira úr GusGus annast upptökur á. Söngvarinn hlaut mikið lof fyrir fyrri plötu sína, Queen of Denmark, en hún var kjörin plata ársins 2010 af breska tónlistartímaritinu Mojo.

Hann heldur tónleika með hljómsveit sinni, skipaðri þremur íslenskum tónlistarmönnum, í Austurbæ klukkan hálf níu í kvöld og voru örfáir miðar eftir í gærkvöldi. John Harmon Grant hefur ekki enn mætt á tónleika með nafna sínum en hyggst bæta úr því.

En ætli sönghæfileikar fylgi nafninu? „Ég er alveg drullugóður söngvari þó ég segi sjálfur frá.“ Við þetta bætir hann að söngurinn hljómi aðallega í sturtu eða við akstur en ekki á stórsviðum. „Nei, það þyrfti að vera aðeins meira í gangi til þess. Kannski nokkrir bjórar og karókí,“ segir hann eldhress.

**hallfridur@frettabladid.is**


Travel John ferðaklósett leysa málið



Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.

Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í flestum **Lyfju** og **Lyf og heilsu apótekum.**

Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Móhellu 2, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

TravelJohn


# Gefur sjálfur 100 þúsund

„Ég setti mér það markmið að reyna að safna hálfri milljón og ef það tekst ætla ég sjálfur að gefa 100.000 krónur í viðbót,“ segir Björn Bragi Arnarsson, sem hleypur til styrktar Krabbameinsfélaginu í Reykjavíkurmaraþoninu 18. ágúst.

Sjálfur missti Björn Bragi ástvin úr krabbameini á síðasta ári og var það stór ástæða þess að það félag varð fyrir valinu. „Því miður er það þannig að flestir Íslendingar þekkja til einhvers sem hefur þurft að glíma við þennan sjúkdóm, eða hafa hreinlega glímt við hann sjálfir, svo þetta málefni er mörgum hugleikið,“ segir hann. Hann segir það gefa sér meiri kraft í æfingarnar að vita til þess að hann sé að láta gott af sér leiða.

Björn segist hafa fengið smá bakþanka þegar hann sá fatnaðinn sem hann átti að hlaupa í og sérstaklega vöktu buxurnar hjá honum óhug. „Þetta er þrengsta flík sem ég hef nokkurn tímann farið í. Eins og vinur minn orðaði það þá sést í *dýrið* úr margra kílómetra fjarlægð,“ segir hann. Þrátt fyrir að hafa verið feiminn að fara út í þeim fyrst um sinn segir hann svo þægilegt að hlaupa í þeim að hann hafi ákveðið að komast yfir það. Hann hleypur nú alltaf í þeim en er þó enn ekki farinn að þora að koma fram í dagsbirtu. „Ég fer yfirleitt bara út að hlaupa seint á kvöldin, en þetta er allt að koma. Ég verð vonandi alveg laus við sviðsskrekkinn fyrir keppnina og verð þá með allt á útopnu,“ segir Björn Bragi. **- trs**



**FELA FÁTT** Björn Bragi segir hlaupabuxurnar vera þrengstu flík sem hann hafi átt og að *dýrið* sjáist úr margra kílómetra fjarlægð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu

Póstdreifing

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

HIN EINA SANNA

# INTERSPORT ÚTSALA

HEFST Í DAG

LÁGMARK 30% AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM

30% Afsláttur

40% Afsláttur

70% Afsláttur

50% Afsláttur

60% Afsláttur

KOMDU Á ALVÖRU ÚTSÖLU

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **LINDIR** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18

EXPO • www.expo.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Erró Áttræður

Listamaðurinn **Guðmundur Guðmundsson**, betur þekktur sem **Erró**, heldur upp á áttræðisafmæli sitt í dag. Sjálfur fagnar hann deginum á spænsku eyjunni Formentera en Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, heiðrar hann í dag með viðamikilli dagskrá. Þar verður meðal annars hægt að skoða sýningu á teikningum listamannsins, sem spannar allan hans feril. Aðgangur er ókeypis. Þann 1. september verður svo opnuð stór sýning í tilefni afmælisins, en hún hefur verið í undirbúningi í 3 ár. Erró bar áður listamannsnafnið Ferró, en var gert að breyta því. Hann er bróðir jarðfræðingsins og fyrrum forsetaframbjóðandans Ara Trausta Guðmundssonar.



### Fjögur úr sömu fjölskyldu með Evrópuleik

KR-ingurinn Emil Atlason kom inn á í leik KR gegn HJK Helsinki á mánudag. Emil spilaði því sinn fyrsta Evrópuleik með KR í leiknum, sem flestir KR-ingar munu líklega ekki minnast með mikilli gleði í framtíðinni enda beið liðið afhroð. Emil og fjölskylda hans hafa þó tilefni til að gleðjast, því með frumrauninni á mánudag varð hann sá fjórði úr fjölskyldunni til þess að ná þeim áfanga að spila Evrópuleik með KR í knattspyrnu. Frá þessu er greint á heimasíðu KR. Eldri bróðirinn Egill spilaði leik gegn Birkirkara árið 2000 og eldri systirin Sif spilaði þrjá leiki árið 2004 og skoraði eitt mark. Þá hefur pabbi þeirra systkina, **Atli Eðvaldsson**, bæði spilað með og þjálfað lið KR í Evrópukeppnum fyrri ára. - trs, þeb



### Mest lesið vísir

1. Russel Crowe fór út að hjóla í morgun
2. Íshella á stærð við hálfa Reykjavík brotnar frá...
3. Bjóða upp á áfenga drykki á Hrafnistu
4. Vissu ekki að þau væru "týnd" - ætla að halda áfram...
5. Tvö ungmenni handtekin eftir árás á lögreglumenn





